Vangaveltur Hallgerðar

Menning ➤ 30



Hljómfögur færeyska ómar

Lífið ➤ 34



ÞÚ FÆRÐ HELGARTILBOÐIN Í NETTÓ
GOTT VERÐ!
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

33. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR
frettabladid.is
FIMMTUDAGUR 17. FEBRÚAR 2022



Gallharður brimbrettakappi lét ekki frostið stöðva sig í að bruna um í öldunum úti fyrir Gróttu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Millilandaflug frá Akureyri að hefjast

**Flugfélagið Niceair mun hefja starfsemi í sumar. Framkvæmdastjóri þess segir að meirihluti ferðamanna sem hafi áhuga á að ferðast aftur til Íslands vilji hefja ferðalagið úti á landi.**

helgivifill@frettabladid.is.

**MARKAÐURINN** Flugfélagið Niceair mun hefja millilandaflug frá Akureyri næsta sumar. „Það er veruleg þörf á millilandaflugi fyrir Norður- og Austurland,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, flugmaður og framkvæmdastjóri flugfélagsins. Áætlað er að flugið hefjist 2. júní.

Hann segir að rannsóknir sýni að 70 prósent þeirra ferðamanna sem hafi áhuga á að koma aftur til Íslands vilji hefja ferðalagið úti á landi. Almennt dvelji ferðamenn í þrjá til fjóra daga á Íslandi, gisti í Reykjavík, skoði Gullfoss og Geysi og baði sig í Bláa Lóninu. „Þegar ferðamenn koma aftur vilja þeir fara beint út á land en ekki keyra um langan veg til að komast á áfangastað,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

Það kom honum á óvart að rannsóknir sýndu mjög sterkan heimamarkað. „Fyrir heimamarkaðinn verður það bylting að komast á áfangastað innan dags,“ segir hann og bendir á að nú þurfi fólk frá svæðinu að taka tvo aukafrídaga þegar það fer utan vegna ferðalags til og frá Keflavík. Rannsóknir sýni að fólk í nágrenni við Akureyri telji sig spara um 32 þúsund krónur á hvern ferðalang ef það flýgur beint frá Akureyri og sleppi þannig við að ferðast til Keflavíkur.

„Niceair er vel fjármagnað og óskuldsett,“ segir Þorvaldur Lúðvík. Hann segir að hlutafé fyrirtækisins „hlaupi á nokkur hundruð milljónum“.

Hluthafar Niceair eru sautján. Má nefna Bílaleigu Akureyrar, Kaldbak fjárfestingafélag Samherja, flugfélagið Norlandair, Bruggsmiðjuna Kalda, KEA og tónskáldið Atla Örvarsson.

Í upphafi verða fimm til sex flug á viku með einni flugvél, Airbus 319 sem tekur 150 farþega. Til að byrja með verður flogið til Bretlands, Danmerkur og Spánar. SJÁ SÍÐU 10

> ”
> Það er veruleg þörf á millilandaflugi fyrir Norður- og Austurland.



Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Niceair

## Draga brotthvarf herafla Rússa í efa

**ÚKRAÍNA** Rússar sögðust í gær ætla að draga hluta herafla síns til baka frá úkraínsku landamærunum. Að sögn Bandaríkjamanna og NATO eru engin teikn á lofti um slíkt.

Volodímír Zelenskí Úkraínuforseti þakkaði í gær Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, eftir að Guðni lýsti stuðningi við Úkraínumenn og lýsti samstöðu með friðarumleitunum NATO. SJÁ SÍÐU 8



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

Velkomin í Svansvottaða verslun!
Pssst ... kynntu þér málið betur á kronan.is
KRÓNAN

## Sjómenn sem áður voru hjá Samherja kröfðust vinnu

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NAMIBÍA** Um 40 namibískir sjómenn, sem áður unnu fyrir Samherja, kröfðust þess á þriðjudag við yfirvöld í hafnarborginni Walvis Bay að fá atvinnu. Alls unnu um 180 sjómenn á Samherjaskipunum Sögu og Geysi áður en fyrirtækið hvarf frá Namibíu eftir ásakanir um mútugreiðslur. The Namibian greinir frá.

Einn sjómannanna, Petrus Hilumbwa, sagði þennan hóp ekki heyra neitt nema innantóm loforð. „Við vitum að þeir hafa yfirgefið okkur,“ sagði hann. Ef þeir fengju ekki vinnu ættu þeir að minnsta kosti að fá bætur.

» 180 namibískir sjómenn störfuðu fyrir Samherja.

Alls eru 400 sjómenn atvinnulausir í Namibíu. Margir misstu vinnuna eftir mótmæli árið 2015 og stjórnvöld hafa boðið útgerðum aflaheimildir gegn því að ráða þá. Deriou Benson, fulltrúi borgaryfirvalda í Walvis Bay, sagði sjómennina þurf að fara með mál sín í gegnum viðkomandi verkalýðsfélag. ■

## Lífið er brekka



Veturinn í allri sinni dýrð ræður nú ríkjum á ísa landi bláu. Snjó hefur kyngt niður á suðvesturhorni landsins í vikunni og býður landsmönnum fjölbreytta möguleika til að bregða á leik. Við Hvannabrekku í Kópavogi er nú úrvalsfæri fyrir spræka sleðakrakka að fá sér frískandi salíbunur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Þrír brotaþolar hafa gefið skýrslu í skotárásarmálunum í höfuðborginni

mhj@frettabladid.is

**LÖGREGLAN** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið skýrslu af öllum þremur brotaþolunum í skotárásunum í síðustu viku. Karlmaður var skotinn í brjóstið í miðbæ Reykjavíkur um helgina, einungis þremur dögum eftir að kona og karl urðu fyrir skotárás í Grafarholti.

Margeir Sveinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að lögreglan muni ræða aftur og betur við brotaþola þegar líður á rannsókn málanna tveggja.

» Skotið var á karl og konu í Grafarholti í síðustu viku og maður var skotinn í brjóstið í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags.

Spurður um ástand þeirra sem urðu fyrir árásunum tveimur segir Margeir líðan þeirra stöðuga. Konan lá um tíma þungt haldin á gjörgæslu eftir skotárásina í Grafarholti og segir Margeir hana vera á batavegi. „Hún er ekki í lífshættu en svo er spurning hverjar afleiðingarnir verða, það á eftir að koma síðar í ljós.“

Fjórir menn eru í gæsluvarðhaldi vegna málanna og hefur lögreglan ekki tekið ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald að svo stöddu. Tveir menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna árásarinnar í Grafarholti og rennur það út á föstudag. ■


Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði





Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is


# Prófessor vill alla unglinga skimaða fyrir þunglyndi

Við átján ára aldur er talið að um fimmtán prósent ungmenna hafi lifað meiri háttar lotu geðlægðar. Prófessor segir mikilvægt að grípa strax í taumana í slíkum málum.

mhj@frettabladid.is

**GEÐHEILBRIGÐISMÁL** Eiríkur Örn Arnarson, prófessor emeritus við læknadeild Háskóla Íslands, segir mikilvægt að skima alla unglinga í grunnskóla fyrir þunglyndi og hjálpa þeim sem sýna einkenni geðlægðar að takast á við hugsanir sínar.

Eiríkur gerði ítarlega rannsókn á geðheilsu unglinga í sex sveitarfélögum á Íslandi fyrir um áratug sem sýndi að snemmbær íhlutun gæti skipt sköpum fyrir ungt fólk. „Með því að grípa tímanlega inn í atburðarásina var hægt að seinka eða koma í veg fyrir þróun geðlægðar,“ segir Eiríkur.

Eiríkur bendir á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi gefið það út áður en kórónaveirufaraldurinn hófst að þunglyndi yrði að öllum líkindum útbreiddasti sjúkdómur heimsins árið 2030.

„Svo vitum við að Covid hefur haft talsvert mikil áhrif á geðrænt ástand og aukið vanlíðan. Við vitum í raun ekki hvaða langtímaáhrif þetta muni hafa, að hafa ekki getað sótt skóla eða verið með vinum,“ segir Eiríkur sem hefur starfað nær alla sína starfsævi á geðdeild Landspítalans.

Rannsókn Eiríks, sem hann vann með bandaríska sálfræðingnum Edward Craighead, birtist í fagtímaritinu Behaviour Research and Therapy og vakti mikla athygli.

„Við gerðum rannsókn á sex sveitarfélögum. Í meðalskóla eru í kringum 100 nemendur í 9. bekk og við skimuðum þar. Með einfaldri skimun komumst við að því að það voru 10 til 14 einstaklingar með einkenni geðlægðar. Þeim var síðan boðið að taka þátt í námskeiði sem byggðist á hugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar,“ segir Eiríkur.

„Þeim var síðan dreift af handahófi í tvo hópa. Annar fékk námskeið og síðan var fylgst með hinum. Síðan kom í ljós í eins árs eftirfylgd að það voru um fimm sinnum meiri líkur á því að þeir sem ekki höfðu setið námskeiðið, en voru sambærilegir í upphafi, hefðu þróað með sér lotu meiriháttar geðlægðar,“ bætir hann við.



Eiríkur er með doktorsgráðu frá læknadeild Manchester-háskóla og hefur starfað nær alla sína starfsævi á geðdeild Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við vitum í raun ekki hvaða langtímaáhrif þetta muni hafa, að hafa ekki getað sótt skóla eða verið með vinum.**
>
> Eiríkur Örn Arnarson, prófessor emeritus við læknadeild Háskóla Íslands

Í nýlegu viðtali við Eirík í Læknablaðinu segir að stigveldisaukning verði á geðlægð ungmenna í 9. bekk og kynjamunurinn fari að koma fram. Þunglyndi er um helmingi algengara meðal stúlkna en drengja. Við 18 ára aldur er talið að um 15 prósent ungmenna hafi lifað meiri háttar lotu geðlægðar.

Spurður hvort hann telji nægilega margt fagfólk til á Íslandi til að ráðast í verkefnið í öllum skólum telur Eiríkur svo vera.

„Þetta er tiltölulega einfalt í framkvæmd,“ segir Eiríkur og bætir við að með þessu megi létta á heilbrigðiskerfinu til lengri tíma. ■


Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Rýming
Lokadagar
Troðfull verslun af merkjavöru!
80%
afsláttur af öllum vörum
BOSS HUGO BOSS
Stenströms
HUGO HUGO BOSS
gardeur
SAND COPENHAGEN
EMPORIO ARMANI
bugatti
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

# Enn ná margir ekki endum saman segir Sólveig Anna

thorgrimur@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Sólveig Anna Jónsdóttir, sem var endurkjörin formaður Eflingar á þriðjudaginn eftir að hafa sagt af sér sama embætti í fyrra, segir að þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst í kjarabaráttu tiltekinna hópa í síðustu launalotu sé baráttunni langt því frá lokið.

„Staðreyndin er sú að við erum með gríðarstóran hóp af fólki sem nær einfaldlega ekki endum saman,“ segir Sólveig við Fréttablaðið.

„Við erum með fullt af fólki á höfuðborgarsvæðinu sem lifir á einum launatékka til hins næsta og eru einhvers konar fangar þeirrar tilveru, nær aldrei að leggja fyrir, nær aldrei að strjúka um frjálst höfuð vegna fjárhagsáverka. Þetta fólk þarf ekki bara að lifa undir þessari grimmilegu launastefnu heldur þarf það líka að búa á húsnæðismarkaði þar sem meira að segja blokkaríbúð í úthverfi er orðin að fjarlægum draumi fyrir mikið af verka- og láglaunafólki.“



Sólveig Anna hefur verið endurkjörin formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sólveig Anna segist vilja berjast fyrir því sem formaður Eflingar að launaþjófnaður verði ekki lengur liðinn á íslenskum vinnumarkaði. „Við viljum beina sjónum okkar með markvissum hætti að stjórnvöldum svo þau átti sig á þeirri pólitísku og siðferðislegu ábyrgð sem þau bera til að tryggja öllu fólki sem hér býr mannsæmandi húsnæði.“ ■

# Kalla ekki á fjögurra daga vinnuviku

**Í Belgíu, Skotlandi og Japan er verið að stíga skref í átt að fjögurra daga vinnuviku en sú umræða er ekki farin af stað hér. Hjá BSRB er stefnt að frekari styttingu en enn er verið að greiða úr hnútum vaktavinnufólks.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Sonja Þorbergsdóttir, formaður BSRB, á von á því að umræða um styttingu vinnuvikunnar verði meira áberandi í umræðum um kjarasamninga á almennum markaði en hinum opinbera. Styttingin var risastórt mál fyrir síðustu kjarasamninga BSRB og verði því áfram til umræðu í kjaralotunni.

„Stefnan okkar núna er 35 stunda vinnuvika og 80 prósent af því fyrir vaktavinnufólk. Þetta er styttra en samið var um,“ segir Sonja en þetta verður meðal annars til umræðu á framhaldsþingi BSRB í lok mars. Þá komi fram fyrstu vísar að því sem sett verði á oddinn í komandi kjaraviðræðum en samningarnir losna í mars 2023. Á hún von á því að farið verði að vinna að kröfugerðunum sjálfum í haust.

Vinnutíminn hefur ekki aðeins verið til umræðu hér á landi heldur er umræðan áberandi víðar, einkum um fjögurra daga vinnuviku. Í Belgíu samþykkti þingið stóra breytingu um að launafólk geti fengið þriggja daga helgi en vinni lengur hina fjóra dagana á móti. Skotar hyggjast fara svipaða leið og japönsk stjórnvöld hafa hvatt fyrirtæki til þess að leyfa starfsfólki að hliðra vinnustundum sínum fyrir þriggja daga helgi.

Árni Snævarr, sagnfræðingur sem starfar hjá Sameinuðu þjóðunum í Brussel, segir mikið rætt um breytinguna í Belgíu. Fyrir utan fjögurra daga vinnuviku sé einnig opnað á frekari sveigjanleika, til dæmis að fólk geti unnið 60 stundir eina vikuna en 20 þá næstu.



Belgísk stjórnvöld opnuðu nýlega á fjögurra daga vinnuviku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> ” Stefnan okkar núna er 35 stunda vinnuvika og 80 prósent af því fyrir vaktavinnufólk.



Sonja Þorbergsdóttir, formaður BSRB

„Það er út af fyrir sig búið að tala um þetta alllengi og viðræður staðið lengi yfir. Þetta er ekki skylda, þannig að ég held að launþegar að minnsta kosti muni ekki bíta í skjaldarrendur,“ segir Árni. „Það er reynslan af fjarvinnu í Covid-19 sem er ástæðan fyrir að þetta skref er stigið. Það kom í ljós að vinnulöggjöfin sem var við lýði var of ósveigjanleg til að gera ráð fyrir til dæmis fjarvinnu.“

Atvinnuþátttaka er aðeins um 70 prósent í Belgíu, miðað við 80 prósent í Hollandi og Þýskalandi. Árni segir helsta takmark stjórnarinnar með styttingunni vera að auka atvinnuþátttöku. Einnig hafi verið samþykkt að starfsfólk eigi rétt á að vera ekki ónáðað af vinnuveitendum utan vinnutíma.

Sonja segir ekki hafa komið fram ákall um fjögurra daga vinnuviku frá baklandinu innan BSRB. Hún bendir þó á að fimm daga vinnuvika sé ekki fasti í lögum og sveigjanleiki vinnutíma sé sífellt að verða stærri hluti af kjaraumræðunni.

„Það er hægt að fara þessa leið en þá myndi launakostnaðurinn líklega hækka hjá öllum. Því hluti vinnutímans myndi þá fara fram yfir dagvinnutímarammann og verða að yfirvinnu. Það er ekki hægt að semja frá sér yfirvinnukaup,“ segir hún aðspurð um fjögurra daga vinnuviku.

Þegar nær dregur kjarasamningum verði þó litið yfir sviðið, til að mynda um styttingu vinnuvikunnar, og þá geti kviknað nýjar hugmyndir.

„Heilt yfir hefur styttingin gengið vel enda undirbúningurinn mikill,“ segir Sonja. „En eins og allar stórar breytingar tekur þetta tíma og það eru ekki allir komnir á þann stað sem við myndum vilja sjá.“

Eigi það einkum við um vaktavinnufólkið. Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku funda viðbragðs- og öryggisstéttir, svo sem lögreglumenn, tollgæslumenn og slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, saman um kjaramál. Krafist er sólarhringsmönnunar og innleiðing styttingar vinnuvikunnar hefur ekki gengið sem skyldi.

Sonja segir útfærsluna fyrir þennan hóp áskorun líkt og hjá öðrum. Ætlast sé til þess að hún sé unnin út frá starfseminni, þörfum hennar og starfsfólksins. Til boða standi að fá ráðgjafa sem gangi með vinnustöðunum í gegnum ferlið. ■



Úrgangplast. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Meint íslenskt plast er sænskt

benediktboas@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Við skoðun bæði Íslendinga og erlendra aðila á starfssvæði Påryd Bildemontering KB í Kalmar í Svíþjóð, kom í ljós að plastið á svæðinu er alls ekki íslenskt heldur sænskt. Svæðið komst í fréttir hér heima þegar Stundin fór að segja fréttir af íslensku plasti í Svíþjóð.

Samkvæmt tilkynningu er líklega einungis um 1,5 prósent af um það bil 2.700 tonnum á svæðinu í heild íslenskt plast. Það gerir um 45 tonn. Svæðið var skoðað þann 27. janúar og segir að mjög lítið hafi fundist af íslensku plasti. ■

## Leiðrétting

*Í blaðinu á þriðjudag sagði að ekkja flugmanns sem fórst í flugslysi í Barkárdal 2015 væri að áfrýja niðurstöðu héraðsdóms í bótamáli hennar. Rétta er að ekkjan skoðar að stefna bótakröfu aftur fyrir héraðsdóm en er einnig að leita sátta um greiðslur framfærslubóta vegna missis eiginmanns síns, eins og sagði í fréttinni.* ■





ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16


NÝTT
OPAL
SÍTRÓNU OG SALTLAKKRÍS
SYKURLAUS
OPAL
Glæný og geggjuð Opaltvenna! Nú erum við búin að blanda saman sítrónu- og saltlakkrísbragði í einn pakka. Það verður enginn súr af því að smakka þessa tvennu!
Opal, bætir andrúmsloftið
NÓI SÍRÍUS
VEGAN

## Snjórinn sigraði sumar vélarnar

benediktboas@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Vélar hafa bilað út af miklu álagi vegna snjómoksturs í Reykjavík en snjórinn er mikill og þungur, sérstaklega í austurborginni.

Starfsfólk vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar heldur áfram að vinna við að hreinsa götur og stíga borgarinnar af snjó. Unnið var í húsagötum í gær og samkvæmt tilkynningu borgarinnar er gert ráð fyrir að klára þær á næstu dögum.

Vegakerfið í borginni telur 1.200 kílómetra, húsagötur 240 kílómetra og stígakerfið um 600 kílómetra. ■



Á Fjarðarheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þungaflutningana af Fagradalsbraut

gar@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Fulltrúi Miðflokksins í umhverfis- og framkvæmdaráði Múlaþings segir að norðurleiðin um Melshorn sé rétta leiðin fyrir væntanleg Fjarðarheiðargöng verði gangamunninn Héraðsmegin fyrir ofan Steinholt.

„Undirritaður telur ótækt að fara innanbæjar niður Fagradalsbraut með þungaflutninga, sem hafa verið þyrnir í augum bæjarbúa í tugi ára. Enn verra væri að skera framtíðar byggingarland eins og tillaga um miðleið gerir ráð fyrir niður á Vallaveg,“ segir í bókun Hannesar Karls Hilmarssonar í ráðinu.

Sé ekki hægt að gera gangamunna við Steinholt kveðst Hannes gera þá kröfu að könnuð verði vegtenging stystu leið frá Dalhúsum niður á Vallaveg, sem verði með um níu hundruð metra löng göng undir Egilsstaðaháls. ■

# Segja að önnur lög gildi um störf blaðamanna

gar@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** „Það liggur í eðli valdsins að verjast, og handhafar þess geta freistast til að takmarka frelsi fjölmiðla til að fjalla um þá með gagnrýnum hætti,“ segir í sameiginlegu svari Blaðamannafélags Íslands og Félags fréttamanna til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.

„Eru fjölmiðlamenn of góðir til að mæta og svara spurningum lögreglu eins og almennir borgarar?“ spurði Bjarni í færslu á Facebook í fyrrakvöld. „Hvernig getur það talist alvarlegt mál að lögregla óski eftir því að þeir gefi skýrslu?“ spurði ráðherrann einnig.

Fjórir blaðamenn hafa nú stöðu sakbornings hjá Lögreglunni á Akureyri og eru sagðir boðaðir í yfirheyrslu vegna rannsóknar á meintum brotum á friðhelgi einkalífs. Er það í tengslum við umfjöllun um svokallaða skæruliðadeild Samherja.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fyrrnefnd félög segja sér bæði ljúft og skylt að svara spurningum Bjarna. „Blaða- og fréttamenn eru sem einstaklingar jafnir öðrum að lögum, til dæmis ef þeir eru grunaðir um ölvunarakstur, fjársvik eða ofbeldisbrot. Um störf þeirra gegnir hins vegar öðru máli. Um þau gilda önnur lög og reglur en um önnur störf, vegna hlutverks þeirra,“ er útskýrt í yfirlýsingunni sem nánar má lesa um á vef Fréttablaðsins. ■

# Háskóli Íslands tryggi ábyrga spilun í spilakössum og dragi úr skaðanum

**Skýrsla starfshóps um tekjuöflun Happdrættis Háskóla Íslands kom út í fyrrasumar en var ekki kynnt forstjóra HHÍ fyrr en nú. Ámælisvert er sagt að beita ekki öllum ráðum til að tryggja ábyrga spilun í spilakössum.**



Síðan skýrslan var gefin út hafa ekki verið gerðar neinar úrbætur á spilamarkaði hér á landi, síðan eru liðnir tæpir átta mánuðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Í niðurstöðu starfshóps um álitaefni tengd tekjuöflun Happdrættis Háskóla Íslands (HHÍ) segir að Háskóla Íslands beri að leggja áherslu á skaðaminnkandi aðgerðir í tengslum við rekstur spilakassa með því að hvetja HHÍ til að taka sem fyrst nauðsynleg skref til innleiðingar spilakorta.

„Ámælisvert væri að beita ekki öllum tiltækum ráðum til þess að tryggja ábyrga spilun og grípa tafarlaust til slíkra aðgerða,“ segir í skýrslunni. Vandséð sé að samkeppnissjónarmið og mögulegt tekjutap dugi sem rök til að fresta því.

Skýrslan er gefin út 28. júní í fyrra. Á fundi háskólaráðs í september reifaði Ingibjörg Gunnarsdóttir, formaður starfshópsins, málið og það var rætt. Það var þó ekki fyrr en nú í febrúar sem forstjóra HHÍ var kynnt skýrsla hópsins.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir helstu ástæðu þess að skýrslan hafi ekki verið birt strax þá að í millitíðinni hafi farið fram alþingiskosningar.

„Og var talið rétt að fara fyrst yfir málið með nýjum dómsmálaráðherra sem fer fyrir þessum málaflokki. Fundur rektors og formanns starfshóps með dómsmálaráðherra hefur nú farið fram,“ segir Jón Atli.

> Innihald skýrslunnar staðfestir allt sem við höfum haldið fram.



Alma Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS)

Síðan skýrslan var gefin út fyrir átta mánuðum hafa ekki verið gerðar úrbætur á spilamarkaðnum.

Spurður að því hvers vegna ekkert hafi verið gert segir Jón Atli:

„Nú er í gangi vinna við að skoða og meta þessar ólíku leiðir. Ljóst er að um flókið mál er að ræða þar sem gæta þarf að margvíslegum sjónarmiðum og hagsmunum og því mikilvægt að gaumgæfa vandlega mögulegar leiðir og skref í samvinnu við stjórnvöld.“

Í skýrslunni segir að erlendar rannsóknir sýni að sá hópur sem eigi við spilavanda að etja standi undir allt að 60 prósentum af tekjum spilakassa. Sambærilegar tölur liggi ekki fyrir hérlendis en að fastlega megi gera ráð fyrir því að sama staða sé uppi hér á landi.

Þá er bent á að í annarri skýrslu, á vegum Siðfræðistofnunar HÍ frá árinu 1993, hafi strax verið bent á þau siðferðislegu álitamál sem fylgi spilakössum.

„Þessi helsta menntastofnun þjóðarinnar getur ekki staðið að rekstrinum öðruvísi en að taka tillit til nýjustu rannsókna um áhrif spilakassa á tiltekna hópa samfélagsins og með því að taka upp allar mögulegar aðgerðir sem geta stuðlað að ábyrgri spilun og lágmarkað neikvæðar afleiðingar jafnt fyrir einstaklinga og samfélagið í heild,“ segir einnig í skýrslu Siðfræðistofnunar.

Alma Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn, segist furða sig á því að skýrsla starfshópsins hafi ekki verið gerð opinber fyrr. Samtökin hafi lengi bent á það að lítill hópur fólks, spilafíklar, haldi uppi hagnaði spilakassa. Lokun spilakassa geti komið í veg fyrir nýliðun í þeim hópi og þó mikið hafi verið rætt um upptöku spilakorta virðist enn langt í land.

„Innihald skýrslunnar staðfestir allt sem við höfum haldið fram,“ segir Alma. ■







VALENTINO

**20% afsláttur**
af öllum Valentino ilmum
17.-23. febrúar

**HAGKAUP**

# Tugþúsundir kvenna sækja um sem lestarstjórar

arnartomas@frettabladid.is

**SÁDI-ARABÍA** Yfir 28 þúsund umsóknir bárust þegar auglýst var eftir þrjátíu kvenkyns lestarstjórum í Sádi-Arabíu.

Yfirvöld í Sádi-Arabíu hafa að undanförnu dregið úr höftum á þeim störfum sem konur í landinu mega sinna og hefur hlutfall kvenna á vinnumarkaðnum næstum tvöfaldast á síðustu fimm árum en er þó enn helmingi minna en hlutfall karla.

Konur í Sádi-Arabíu hafa til þessa einungis mátt sinna sérhæfðum störfum, til dæmis innan heilbrigðis- og menntageirans, og máttu ekki keyra fyrr en árið 2018.

Spænska lestarfyrirtækið Renfe sem auglýsti stöðurnar segist vilja auka starfsmöguleika fyrir konur á svæðinu. Konurnar þrjátíu sem fá störfin munu aka lestum á milli borganna Mekka og Medína eftir eitt ár af borguðu starfsnámi. ■



Mótmælin hafa nú staðið yfir í þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Lögreglan í Ottawa varar mótmælendur við

arnartomas@frettabladid.is

**KANADA** Lögreglan í Ottawa, höfuðborg Kanada, dreifir nú bæklingum til mótmælenda þar sem segir að láti þeir ekki af mótmælunum eigi þeir sakamál yfir höfði sér. Hundruð farartækja hamla nú umferð í miðborginni og er tilgangurinn að mótmæla sóttvarnaaðgerðum. Mótmælin hófust fyrir þremur vikum þegar meðal annars flutningabílstjórar hófu að leggja vörubílum og öðrum farartækjum til að loka vegum í borginni. Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, tilkynnti á þriðjudag að gripið yrði til neyðaraðgerða vegna mótmælanna sem hafa haft lamandi áhrif á borgina. Enn hefur ekki verið gripið til hernaðaraðgerða en auknar heimildir verða veittar fyrir handtökum á mótmælendum og til að gera farartæki þeirra upptæk.

Lögreglustjóri Ottawa sagði af sér í vikunni eftir harða gagnrýni vegna starfa sinna í tengslum við mótmælin. ■



Úkraínumenn hafa verið í viðbragðsstöðu í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# NATO segir Rússa sitja sem fastast

Engin teikn eru á lofti um hvarf Rússa frá úkraínsku landamærunum, að sögn fulltrúa Bandaríkjamanna og NATO. Rússar lýstu því yfir í gær að hluti heraflans myndi hörfa frá landamærunum. Forseti Íslands hefur lýst yfir stuðningi við Úkraínumenn og afstöðu NATO.

ninarichter@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Volodímír Zelenskí Úkraínuforseti þakkar Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, fyrir stuðning í deilunni við Rússa, eftir að Guðni tísti stuðningsyfirlýsingu til Úkraínumanna og lýsti yfir samstöðu með friðarumleitunum NATO í deilunni við Rússa.

Í gær sendu Rússar frá sér yfirlýsingu þess efnis að þeir hygðust draga til baka hluta heraflans frá Úkraínsku landamærunum, sem Vladímír Pútín, forseti Rússlands, fullyrðir að sé við heræfingar. Þó hafa vestrænir leiðtogar sagt að engin teikn séu á lofti um slíkar aðgerðir.

Her Rússa er staddur við landamæri Hvíta-Rússlands og Úkraínu, á stað sem myndi gera Rússum kleift að ná til Kænugarðs á aðeins þremur klukkustundum, ef til innrásar kæmi.

Anthony J. Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist ekki hafa séð neinar vísbendingar um meintan brottflutning, degi eftir að Pútín Rússlandsforseti sagði að Rússar hefðu ákveðið að draga hluta heraflans til baka frá landamærunum.

„Því miður er munur á því sem Rússar segja og því sem þeir gera," sagði Blinken í viðtali við ABC News. „Og við sjáum engin merki um verulegan brottflutning. Þvert á móti, við höldum áfram að sjá sveitir – sérstaklega sveitir sem myndu vera í fararbroddi hvers kyns árásar gegn Úkraínu – halda stöðu sinni við landamærin."

Framkvæmdastjóri NATO, Jens Stoltenberg, tók undir yfirlýsingu Bandaríkjamanna og sagði að Rússar væru enn færir um „að gera innrás í Úkraínu án fyrirvara".

„Það sem við þurfum að sjá er raunveruleg afturköllun herafla, sem er varanleg og raunveruleg, en ekki tilfærsla á hersveitum innan svæðisins," sagði Stoltenberg.

„En við fylgjumst aftur á móti með, við vonum virkilega að þeir muni draga herlið sitt til baka og slík aðgerð verður besta framlagið til pólitískrar lausnar," bætti framkvæmdastjórinn við.

Stoltenberg bætti við að hugsanlega væri ástæða til bjartsýni vegna skýrra og skorinorðra yfirlýsinga um vilja til diplómatískrar lausnar á deilunni.

Rússneski fréttamiðillinn The Moscow Times segir frá efasemdum vestrænna leiðtoga í frétt í gær og vísar í orð Pútíns síðan á þriðjudag, þar sem hann segir í framhaldi af fundi með kanslara Þýskalands, Olaf Sholz, í Moskvu að ákvörðun hafi verið tekin um að draga til baka hluta heraflans. Ummæli Pútíns hafi komið nokkrum klukkustundum eftir að yfirmenn í rússneska hernum tilkynntu að hluti herliðsins yrði sendur til baka.

Það segir einnig að yfirvöld í Moskvu hafi í gær tilkynnt um áframhaldandi samdrátt í hernaðarlegum umsvifum á Krímskaga.

> „Því miður er munur á því sem Rússar segja og því sem þeir gera.
>
> Anthony J. Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

Enn fremur hafi utanríkisráðherra Hvíta-Rússlands, Vladímír Makej, tekið í sama streng og stjórnvöld í Kreml, og ítrekað að ekki einn einasti rússneski hermaður eða hergagn kæmi til með að verða eftir í Hvíta-Rússlandi, að heræfingum loknum.

The Moscow Times hefur eftir hernaðarsérfræðingum að efasemdirnar stafi af sambærilegum atvikum þar sem Rússar lofuðu að draga sig til baka, en það hafi aðeins verið í stuttan tíma. Sem dæmi hafi Rússar dregið til baka tíu þúsund manna herafla í desember, frá landamærum Úkraínu, sem hafi létt á spennunni í skamman tíma.

Talsmaður stjórnvalda í Kreml, Dmitrí S. Peskov, vísaði mati NATO á bug og sagði bandalagið ekki hafa kynnt sér stöðuna á svæðinu með fullnægjandi hætti.

Rússneska varnarmálaráðuneytið tilkynnti við sama tækifæri að fleiri hermenn hefðu verið fluttir til baka og sagði að lest hlaðin rússneskum skriðdrekum, brynvörðum farartækjum og sprengjuflugvélum hefði nú yfirgefið Krímskagann og myndi snúa aftur til stöðva sinna að loknum heræfingum.

Forseti Úkraínu lýsti yfir nýjum þjóðhátíðardegi í gær, Degi einingar, til að styrkja almenning í landinu, sama dag og bandarískir leyniþjónustumenn höfðu spáð innrás Rússa. ■


Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

AÐALFUNDUR
10. MARS 2022 Í HÖRPU

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar félagsins í Hörpu, Rímu fundarsal, fimmtudaginn 10. mars 2022, kl. 16:00.

Boðið verður upp á streymi frá fundinum til þeirra hluthafa sem eftir því óska. Þeim hluthöfum sem kjósa að fylgjast með fundinum í gegnum streymi gefst kostur á að senda spurningar inn á fundinn með tölvupósti á fjarfestatengsl@reginn.is. Ekki verður boðið upp á rafrænar atkvæðagreiðslur á fundinum en þeim hluthöfum sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd eða veita forstjóra félagsins umboð til þess að fara með atkvæði þeirra á fundinum. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fylgjast með fundinum í gegnum streymi eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@reginn.is og þeir munu fá sendan hlekk á streymi af fundinum áður en hann hefst.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 15. gr. samþykkta félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum í samræmi við tillögu stjórnar þar að lútandi.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á fjarfestatengsl@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á aðalfund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykkta félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna vísast til 24. gr. samþykkta félagsins, en krafa um það skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar, og önnur framkomin framboð, má finna á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 3. mars 2022. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. eða með tölvupósti á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is. Tilnefningarnefnd getur breytt tillögu sinni þar til fimm dagar eru til aðalfundar. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá fundarins er óskað eftir framboðum í tilnefningarnefnd sem skal skipuð að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem skulu hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu miðað við störf nefndarinnar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess samkvæmt sömu reglum og gilda um óháeði stjórnarmanna, sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá skal að minnsta kosti einn nefndarmaður vera óháður stórum hluthöfum félagsins, þ.e. þeim sem ráða 10% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðamagni í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Við framangreint mat er litið heildstætt til beinna og óbeinna tengsla nefndarmanna. Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um starfsemi tilnefningarnefndar er að finna á heimasíðu félagsins www.reginn.is/fjarfestavefur

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykkta félagsins.

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 16. febrúar 2022.
Stjórn Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

24|02
FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

25|02
FÖSTUDAGUR
KL. 19:30

26|02
LAUGARDAGUR
KL. 16 & 19:30

# VÍNAR-TÓNLEIKAR

**Sannkölluð veisla í Eldborg, þar sem valsar og polkar, gleði og glæsileiki gefa tóninn fyrir nýtt tónlistarár.**

**Tryggðu þér sæti á þessa einstöku Vínarveislu!**

**EFNISSKRÁ**
Óperettutónlist, valsar og polkar eftir Johann Strauss, Franz Lehár, Emmerich Kálman, Hans Christian Lumbye og fleiri

**HLJÓMSVEITARSTJÓRI**
Kornilios Michailidis

**EINSÖNGVARAR**
Herdís Anna Jónasdóttir
Gissur Páll Gissurarson



Miðasala
**sinfonia.is**

Sími
**528 5050**

# Hættulegt að ráðherra tjái sig á þennan hátt

magdalena@frettabladid.is



Ari Fenger, formaður Viðskiptaráðs.

Ari Fenger, formaður Viðskiptaráðs, segir það vera hættulegt að ráðherra tjái sig með slíkum hætti og vísar þar til orða Lilju Alfreðsdóttur viðskiptaráðherra um að setja á sérstakan bankaskatt að nýju hér á landi. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Mér finnst hættulegt þegar ráðherra tjáir sig með slíkum hætti. Það er að segja að þau vilja að bankarnir komi til móts við fólk og fyrirtæki í landinu og ef þeir gera það ekki þá eigi bara að skattleggja þá,“ segir Ari og bætir við að þetta hugnist honum hreinlega ekki og mikilvægt sé að það sé fyrirsjáanleiki í atvinnulífinu.

„Á tyllidögum þá tölum við um að við þurfum að laða að okkur alþjóðlega fjárfestingu en að láta svona út úr okkur, það er ekki beint til þess að laða að erlenda fjárfestingu. Þannig að mér finnst þetta mjög varhugavert.“

Ari segir jafnframt að bankaskattur muni leiða til þess að kostnaður sem af honum hlýst muni leggjast á fyrirtæki og neytendur á endanum. „Þannig að ég held að það sé ekki leiðin. Síðan má ekki gleyma því að við á Íslandi búum ekki í tómarúmi. Skattumhverfi bankanna og fyrirtækja þarf að vera samkeppnishæft miðað við það sem gengur og gerist á alþjóðavísu. Ég tel einnig að það sé of mikil skattlagning á fyrirtæki almennt hér á landi. Við sjáum það þegar við berum okkur saman við önnur lönd í OECD og svo framvegis.“

Ari bætir við að til að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja þurfi að hafa skilvirkni og fyrirsjáanleika að leiðarljósi.

„Það er mikilvægt að einfalda regluverk með það að leiðarljósi að bæta samkeppnisstöðu okkar. Við þurfum að gera Ísland aðlaðandi kost og stuðla að því að fyrirtæki velji Ísland. Það er mikil samkeppni í þeim efnum og við erum eyland í Norður-Atlantshafi. Það er því ekki nóg að vera jafngóð og hin löndin. Við þurfum einfaldlega að vera betri og bjóða upp á meira en önnur lönd til að laða að okkur þessa alþjóðlegu fjárfestingu.“ ■




## Kynningarfundur um Ölfusárbrú

### Samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir

Vegagerðin boðar til opins kynningarfundar föstudaginn 18. febrúar kl. 10 um fyrirhugað útboð á samvinnuverkefninu Hringvegur um Ölfusá.

Verkefnið felur í sér færslu Hringvegar norður fyrir Selfoss með byggingu nýrrar brúar á Ölfusá við Efri Laugardælaeyju.

**Fundurinn verður í beinu streymi sem má nálgast á vef Vegagerðarinnar.**

**Fyrirspurnir í gegnum slido.com með aðgangsorðinu #olfusarbru**



Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson segir að millilandaflugið muni bæta lífsgæði Akureyringa. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Horfa til þess að laða að fjölda erlendra ferðamanna

Flugfélagið Niceair mun í sumar fljúga frá Akureyri til Bretlands, Danmerkur og Spánar með einni flugvél frá Airbus.

helgivifill@frettabladid.is

Flugfélagið Niceair mun hefja millilandaflug frá Akureyri næsta sumar. „Það er veruleg þörf á millilandaflugi fyrir Norður- og Austurland,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, flugmaður og framkvæmdastjóri flugfélagsins. Áætlað er að flugið hefjist 2. júní.

Að hans sögn komu árið 2019 um 200 þúsund ferðamenn til Akureyrar með skemmtiferðaskipum fyrir Covid-19. „Mér finnst ekki ólíklegt að við náum þeim ferðamannafjölda og gott betur með beinu flugi til Akureyrar innan tíðar,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

Í upphafi verða fimm til sex flug á viku með einni flugvél, Airbus 319, sem tekur 150 farþega í sæti og er tólf ára gömul.

„Gögn benda til að eftirspurnin sé mun meiri en við viljum fara hægt í sakirnar,“ segir hann. Í upphafi verður flogið til Bretlands, Danmerkur og Spánar. „Mikil tækifæri eru í vetrarferðamennsku til að mynda frá Bretlandi,“ segir Þorvaldur Lúðvík. Greint verður nánar frá áfangastöðum innan tíðar.

Þorvaldur Lúðvík segir að rannsóknir sýni að 70 prósent þeirra ferðamanna sem hafi áhuga á að koma aftur til Íslands vilji hefja ferðalagið úti á landi. Almennt dvelji ferðamenn í þrjá til fjóra daga á Íslandi, gisti í Reykjavík, skoði Gullfoss og Geysi og baði sig í Bláa Lóninu. „Þegar ferðamenn koma aftur vilja þeir fara beint út á land en ekki keyra um langan veg til að komast á áfangastað,“ segir hann.

Það kom Þorvaldi Lúðvík sömuleiðis mjög á óvart að rannsóknir sýndu mjög sterkan heimamarkað. „Fyrir heimamarkaðinn verður það bylting að komast á áfangastað innan dags,“ segir hann og bendir á að nú þurfi fólk frá svæðinu að taka tvo aukafrídaga þegar það fer utan vegna ferðalags til og frá Keflavík. Rannsóknir sýni að fólk í nágrenni við Akureyri telji sig spara um 32 þúsund krónur á hvern ferðalang ef það flýgur beint frá Akureyri og sleppi þannig við að ferðast til Keflavíkur.

> „Fyrir heimamarkaðinn verður það bylting að komast á áfangastað innan dags.
>
> Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Niceair

„Þetta mun gerbylta lífsskilyrðum fólks sem býr á Akureyri og nágrenni. Það má líkja þessu við þegar rafmagn kom í sveitir fyrir 100 árum. Í dag þarf fólk samgöngur, fjarskipti og orku en okkur hefur skort samgöngur til þessa,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

Það búa um 50 þúsund manns á heimamarkaði Niceair eða álíka margir og í Færeyjum, að hans sögn.

„Flugið mun efla til muna samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu sem eiga í alþjóðlegum viðskiptum. Það er erfitt fyrir fyrirtæki að sinna viðskiptum erlendis án flugs. Það er dýrt fyrir fyrirtæki að þurfa að senda starfsmenn fyrst til Keflavíkur og þaðan á leiðarenda,“ segir hann.

Aðspurður um flugmiðaverð Niceair segir Þorvaldur Lúðvík að það verði samkeppnisfært við heildarkostnað við flug til og frá Keflavík. „Miðaverð mun því ekki fæla frá erlenda farþega,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

Bókunarvél Niceair verður tengd Dohop og öðrum erlendum bókunarvélum sem einfaldar farþegum félagsins að bóka sig beint á milli Akureyrar og áfangastaða erlendis um tengivelli félagsins í Evrópu.

Þorvaldur Lúðvík gerir ráð fyrir 55 prósenta sætanýtingu í upphafi. „Við lágmörkum áhættu í rekstri eins og hugsast getur. Liður í því er að félagið verður ekki með sjálfstætt flugrekstrarleyfi í upphafi. Það verður í höndum evrópsks flugrekanda. Við gerum ráð fyrir að starfsemin muni skapa um 15-20 stöðugildi fyrst um sinn á Akureyri,“ segir hann. Um er að ræða flugáhöfn og teymi í sölu og markaðsmálum.

Hann bendir á að ráðningarsamband flugliða verði við hinn evrópska flugrekanda en um borð verði bæði heimamenn og útlendingar. „Við leggjum mikla áherslu á að heimafólk þjóni um borð,“ segir hann og bætir við að launakjör verði sambærileg þeim sem séu á íslenskum vinnumarkaði.

Þorvaldur Lúðvík segir að rannsóknir sýni að ferðamenn séu áhugasamir um að ferðast á nýjan leik í ljósi þess að Omíkron-afbrigðið geri Covid-19 mun hættuminna. Það skipti þó verulegu máli fyrir ferðamannastrauminn að það séu ekki hindranir á inngöngu þeirra til landsins.

Nú er gerð krafa um neikvætt Covid-19 próf fyrir byrðingu frá bólusettum ferðamönnum án tengsla við Ísland. ■

### Niceair er vel fjármagnað og óskuldsett

„Niceair er vel fjármagnað og óskuldsett,“ segir Þorvaldur Lúðvík. Hann segir að hlutafé fyrirtækisins „hlaupi á nokkur hundruð milljónum“.

Hluthafar Niceair eru 17. Hluthafahópurinn er fjölbreyttur, kemur úr ferðaþjónustu, iðnaði og sjávarútvegi. Má nefna Höld – Bílaleigu Akureyrar, Kaldbak fjárfestingafélag Samherja, Norðurböð sem eru meðal annars í eigu Bláa Lónsins og Kjálkaness, flugfélagið Norlandair, Bruggsmiðjuna Kalda, KEA og tónskáldið Atla Örvarsson.

„Enginn hluthafa er áberandi stór og enginn yfir 8 prósentum,“ segir Þorvaldur Lúðvík.

reitir.is

# Aðalfundur Reita fasteignafélags hf.

Aðalfundur **Reita fasteignafélags hf.** verður haldinn kl. 11.00, föstudaginn 11. mars 2022 í fundarsal 2 á Icelandair Hotel Reykjavik Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

## Dagskrá fundar

1. Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
   a. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
   b. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum.
   c. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins:
      (i) Bætt inn ákvæði um að endurskoðandi félagsins skuli vera viðstaddur aðalfundi.
      (ii) Breyting á ákvæði um rafræna hluthafafundi.
      (iii) Breyting á ákvæði um kynjahlutföll í stjórn.
   d. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
   e. Tillaga um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
5. Kosning stjórnarmanna félagsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
8. Önnur mál, löglega upp borin.

## Upplýsingar

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.reitir.is/adalfundir. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið adalfundur@reitir.is eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 11.00 sunnudaginn 6. mars 2022.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 11.00 að íslenskum tíma, þriðjudaginn 1. mars 2022. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið adalfundur@reitir.is og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykkta félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, þ.e. fyrir kl. 11.00 sunnudaginn 6. mars 2022.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 11.00 að íslenskum tíma, föstudaginn 4. mars 2022, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík eða á netfangið adalfundur@reitir.is. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykkta félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

**Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 10.15 á aðalfundardag.**

**Reykjavík, 14. febrúar 2022.**
**Stjórn Reita fasteignafélags hf.**

REITIR
FASTEIGNAFÉLAG



Það er einstök tilfinning að ferðast um á skíðum meðfram rjúkandi hrauninu í Meradölum. MYND/TG

# Rjúkandi feludalur



**Tómas Guðbjartsson**
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.



**Ólafur Már Björnsson**
augnlæknir og ljósmyndari.

Nú er tæpt ár liðið frá því gosið í Geldingadölum hófst við rætur Fagradalsfjalls, nánar tiltekið þann 19. mars 2021. Gosið stóð í hálft ár og var einkar tilkomumikið. Í fyrstu rann hraun út á flatir Geldingadala en þegar það náði ofar lægstu barma dalkvosarinnar streymdu hraunelfur ofan í Meradali og síðar Nátthaga. Skyndilega urðu þessir feimnu og leirugu feludalir á hvers manns vörum, enda leit út fyrir að hraunið myndi renna mótstöðulítið eftir þeim og yfir Suðurstrandarveg. Til þess kom þó ekki og í Nátthaga stöðvaðist hrauntungan rúmum kílómetra frá malbikuðum veginum. Þaðan má því virða fyrir sér hrauntunguna í Nátthaga sem enn rýkur úr. Hraunbreiðurnar í Meradölum eru afskekktari en jafnframt stærri og tilkomumeiri. Þær þekja stóran hluta þessa fallega dals sem er í landi Hrauns austan Grindavíkur. Þótt Meradalir hafi löngum þótt gróðursnauðir og lítið um vatn þá voru þeir svo öldum skiptir nýttir til beitar. Því bera vitni sel sem þarna hafa fundist en ekki síður örnefni eins og Meradalir, Geldingadalir, Stóri-Hrútur, Hrútadalur, Litli-Hrútur, Tryppalágar og Nautahóll. Bústofninn var þó sennilega lítill, enda jörðin Hraun talin í sóknarlýsingu með þeim gróðursnauðustu á Suðurlandi og í jarðabók frá upphafi 18. aldar eru taldir upp tveir hestar, ein meri, þrír sauðir, fjórar kýr, ellefu ær, nokkrar gimbrar og lömb.

Það er auðveldast að komast að Meradölum gangandi eða hjólandi að sunnanverðu frá Suðurstrandarvegi. Leggja má bílum við Skála-Mælifell, skammt austan Ísólfsskála, og þaðan er fylgt slóða í norður að Stóra-Hrúti sem ábúðarmikill vakir yfir Meradölum. Þarna blasir biksvart hraunið við og leggur enn frá því myndarlega gufustróka. Þarna sést vel hvernig hraunið hefur runnið ofan úr mikilfenglegum gígunum í Geldingadölum og niður brekkurnar í Meradali. Einnig er valkostur að ganga upp á Stóra-Hrút (351 m) frá Suðurstrandavegi, en ofan af honum er besta útsýnið yfir eldstöðvarnar í Geldingadölum og hraunbreiðurnar í Meradölum. Göngu í Meradali má einnig hefja við Keili, en frá honum eru 10 kílómetrar að nyrstu hrauntungunum. Síðan er tilvalið að halda göngunni að Suðurstrandarvegi, eða halda vestur eftir hlíðum Fagradalsfjalls að bílastæðinu við Nátthagakrika og láta sækja sig þar. Þetta er frábær 20 kílómetra fjallahjólaleið en ekki síður tilkomumikil ferðaskíðaganga að vetri til. ■



Stóri-Hrútur vakir yfir feimnum Meradölum sem að verulegu leyti eru kæddir svörtu hraunteppi. MYND/VILHELM GUNNARSSON



Falleg en löng leið í Meradali liggur að norðanverðu frá Keili, Keopspíramída Reykjanesskaga. MYND/TG




- Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2022
  Kíktu á **www.fi.is**
- Sumarleyfisferðir, Dagsferðir, Skíðaferðir, Páskaferðir, Helgarferðir o.fl.
- *Skráðu þig inn - drífðu þig út!*

**Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533**

# Skattaparadísin



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Þegar horft er til viðamikilla málaflokka í íslensku samfélagi verður ekki betur séð en að minnihlutinn ráði.

Þetta á við um margvísleg réttindamál fyrir börn og ungmenni sem allur almenningur er áfram um að verði fjármögnuð með sóma, en sitja á hakanum svo árum og áratugum skiptir – og nægir þar að nefna skjóta greiningu á þroskafrávikum og málþroska. Og þetta á líka við um opinbert heilbrigðiskerfi sem hver skoðanakönnunin af annarri sýnir og sannar að er alþýðu fólks svo hugleikið að hún er jafnvel tilbúin að leggja meira til samneyslunnar svo tryggja megi öllum landsmönnum aðgang að læknisþjónustu, óháð efnahag og búsetu.

En líklega á þetta einna ríkast við um markaðsleiguna á þjóðarauðlindinni í sjónum. Þar hefur vilji meirihluta þjóðarinnar verið hundsaður í hálfan mannsaldur, af svo einbeittu ráðríki minnihlutans að farið er að líta á það sem náttúrulögmál að helstu og efnamestu auðmenn Íslands sitji einir að þeim skattalækkunum sem eru í boði stjórnvalda hverju sinni.

Þau tólf hundruð milljarða króna auðæfi sem verða til í íslenskri lögsögu á hverju ári eru á endanum happafengur fárra útvalinna. Og þau lúta ekki markaðslögmálum heldur handahófskenndum reglum sem virðast vera algerlega í bága við þær sem almenningur þarf að sæta í kjörum sínum og kaupum.

Á þetta hefur þjóðin bent um margra áratuga skeið, jafnt í ræðu og riti og á torgum úti, en engu að síður ræður hún ekki för. Það er minnihlutinn sem ræður. Og sá minnihluti tekur það ekki í mál að hækka veiðigjöld heldur vill hann miklu fremur lækka þau eins og dæmin sanna, en þau eru nú samtals vel undir tíu milljörðum og hafa rýrnað að miklum mun það sem af er þessari öld. Er raunar svo komið að þau standa ekki einu sinni undir opinberu eftirliti með greininni.

Ef hið opinbera, fyrir hönd almennings, tæki sem nemur þremur prósentum af fiskveiðiauðnum upp í veiðigjaldið næmi það þrjátíu og sex milljörðum króna. En slíkt og annað eins er ekkert annað en leiguokur í kjafti minnihlutans, að ekki sé talað um minnsta minnihlutann í þessu mengi, eigenda stærstu útgerðanna sem telja að atvinnuöryggi sínu vegið með þeim ósköpum.

En þeirra er skattaparadísin í raun og sann. Sú eina á Íslandi. Í krafti minnihlutans borga auðmenn lægstu leiguna á Íslandi. ■

> „Þau tólf hundruð milljarða króna auðæfi sem verða til í íslenskri lögsögu á hverju ári eru á endanum happafengur fárra útvalinna.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Fyrirséð**

Það má formaður Sjálfstæðisflokksins eiga að hann er alls óhræddur við að stinga höfðinu inn í ljónskjaftinn, en varla gat hann átt von á öðru en að svo til samanlögð stétt blaða- og fréttamanna brygðist við með andfælum þegar hann spurði, svo til spókaralegur á fésbókarsíðu sinni í fyrrakvöld hvort fjölmiðlafólk teldi sig vera hafið yfir landslög – og bætti svo raunar um betur með spurningunni hvort allir væru jafnir fyrir fjölmiðlum í landinu. Bjarni Benediktsson hafði ekki fyrr sleppt fingrinum af síðasta lykli tölvuborðsins en hneykslunaraldan skall á samanlagða fréttavefi landsins, sennilega einhver sú fyrirséðasta um marga mánaða skeið.

**Öruggt**

Auðvitað er hér komin öruggasta leiðin fyrir nokkurn stjórnmálamann að láta taka eftir sér, altso að vaða bara í fjölmiðlana og láta þá heyra það – og strjúka þeim svo til almennilega rangsælis. Ekkert er augljósara í heimi hér en að þar með birtist smettið á manni í hvaða miðli sem er, með upphrópunum og öllu tilheyrandi. Er hér kominn lærdómur fyrir marga þá sem þessa dagana hafa reynt eða eru enn að reyna að láta á sér bera fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar, en þar er miklu meira framboð en eftirspurn af viðmælendum í stjórnmálastétt. En sjá, lausnin er fundin, bara að vaða í fjölmiðlana sjálfa. ■

# Frelsi fjölmiðla



**Hanna Katrín Friðriksson**
þingmaður Viðreisnar

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra spyr í Facebook-færslu hvort fjölmiðlafólk falli ekki undir þá kröfu að allir skulu jafnir fyrir lögunum. Þetta er áhugaverð nálgun formanns Sjálfstæðisflokksins á anga máls sem hefur valdið undrun og hneykslun langt út fyrir landsteinana. Um er að ræða framgöngu stjórnenda Samherja í Namibíu sem öllum er kunn og ekki síður viðbrögð þeirra við fjölmiðlaumfjöllun um málið.

Burtséð frá efnisatriðum málsins sem hafa valdið úlfaþyt, deilum og dómsmálum sem ekki sér fyrir endann á, þá er hér um að ræða áhugaverða sýn á starf og mikilvægi frjálsar fjölmiðlunar. Setjum þessa sýn í samhengi við þá staðreynd að á síðustu árum höfum við fallið úr áttunda sæti lista yfir þau lönd þar sem íbúar njóta mests fjölmiðlafrelsis niður í 16. sæti. Og höfum í huga að þó frelsi fjölmiðlafólks til að sinna starfi sínu sé auðvitað undir, þá snýst þetta í grunninn um þá grundvallarhagsmuni almennings að við höfum hér frjálsa og gagnrýna fjölmiðla sem eru til þess bærir að gefa almenningi upplýsingar og veita stjórnvöldum og hagsmunaöflum aðhald.

Til að svara ráðherra beint þá er svarið einfaldlega þetta: Það gilda hér einmitt önnur lög um fjölmiðlafólk. Það eru undanþáguákvæði í almennum hegningarlögum sem snúa að brotum á friðhelgi einkalífsins og var bætt inn sérstaklega með hagsmuni fjölmiðla í huga. „Er hér m.a. litið til þess að ákvæðið hamli ekki störfum og tjáningarfrelsi fjölmiðla, m.a. í þeim tilvikum þegar þeir fá aðgang að gögnum eða forritum sem hefur verið aflað í heimildarleysi og geti varðað almannahagsmuni,“ segir í nefndaráliti frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Þá kveða lög um fjölmiðla á um að fjölmiðlafólki er óheimilt að gefa upp nöfn heimildarfólks í óþökk þess.

Það er vont ef fólk tekur afstöðu til frelsis fjölmiðla í tenglsum við þetta eina mál. Slíkt gagnast engum og ekki frjálsri fjölmiðlun sem fyrir margra hluta sakir á undir högg að sækja hér á landi. Verkefnið sem við þurfum öll að sameinast um er að snúa þeirri þróun við. ■

> „Það er vont ef fólk tekur afstöðu til frelsis fjölmiðla í tengslum við þetta eina mál.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Barnabiðlistar og bankaskattur

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Hvað er sameiginlegt með bankaskatti og löngum listum með nöfnum barna, sem bíða eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu eða hjá félagsmálastofnunum?

Bæði fyrirbærin eru hluti af pólitískum veruleika. En þau eiga annað sameiginlegt: Þau eru nefnilega tákn um hljómandi málm og hvellandi bjöllu í málflutningi ráðherra Framsóknar.

**Boðskapur um kraftaverk fyrir börn**

Kjörfylgi Framsóknar sveiflaðist á örfáum vikum síðasta haust upp í einn mesta kosningasigur sem um getur.

Framsókn tryggði ríkisstjórninni framhaldslíf með fimm nýjum þingmönnum.

Þessi uppsveifla byggðist mest á málflutningi um kraftaverk Ásmundar Einars Daðasonar í embætti barnamálaráðherra.

**Veruleikinn**

Fyrr í vikunni birti Umboðsmaður barna greinargerð um biðlista barna í heilbrigðiskerfinu og hjá félagsmálastofnunum. Þar kom fram að sautján hundruð börn bíða nú þjónustu.

Hjá Þroska- og hegðunarstöð höfðu þrjú börn af hverjum fjórum beðið lengur en í þrjá mánuði. Meðalbiðtíminn var tólf til fjórtán mánuðir. Hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins höfðu öll börnin beðið lengur en þrjá mánuði og meðal biðtími var tólf til nítján mánuðir. Hjá Barna- og unglingageðdeild hafði helmingur barnanna beðið í meir en þrjá mánuði og venjulegur biðtími er frá fimm mánuðum upp í heilt ár.

Þetta eru hræðilegar tölur. Þær sýna að lítil innistæða var fyrir kraftaverkaboðskapnum. Kjósendur fengu ekki þær upplýsingar, sem máli skiptu.

Á öðru kjörtímabili ráðherra er ekki einu sinni komin tímasett áætlun um styttingu barnabiðlistanna.

**Boðskapur um bankaskatt og auðlindagjöld**

Um síðustu helgi bar Lilja Alfreðsdóttir viðskiptaráðherra þann boðskap til þjóðarinnar að Framsókn vildi vegna mikilla vaxtahækkana leggja skatt á banka og innleiða raunverulegt auðlindagjald.

Ráðherra segir að hugmyndin hafi fengið miklar undirtektir hjá almenningi. Það er mjög sennilegt. Hún virðist hins vegar hvorki hafa verið rædd í ráðherranefnd um efnahagsmál né í ríkisstjórn.

Fjármálaráðherra hefur lýst yfir andstöðu sinni. Forsætisráðherra hefur ekki sagt annað um stefnuna í efnahagsmálum en að hún hafi boðað til tímasettrar fundaraðar í þjóðhagsráði með aðilum vinnumarkaðarins og Seðlabanka.



**Afstaða í verki**

En hver hefur afstaða viðskiptaráðherra verið í verki til auðlindagjalds og bankaskatts?

Á síðasta kjörtímabili voru nokkrum sinnum greidd atkvæði á Alþingi um tillögur til hækkunar á auðlindagjaldi. Þar var bæði um að ræða tillögur um markaðsgjald og hækkun á núgildandi kerfi. Viðskiptaráðherra greiddi alltaf atkvæði á móti eins og aðrir þingmenn Framsóknar.

Fyrir aðeins sex vikum var borin upp tillaga um framlengingu bankaskattsins. Viðskiptaráðherra greiddi atkvæði á móti eins og aðrir þingmenn Framsóknar.

Í kosningunum blöstu öll þau vandamál við, sem nú eru að koma fram með enn meiri þunga. Viðskiptaráðherra þagði þá þunnu hljóði um nauðsyn auðlindagjalds og bankaskatts.

> Frá aldamótum hafa rökin fyrir gjaldi fyrir tímabundna nýtingu sjávarauðlinda legið fyrir.

Í stjórnarsáttmálaviðræðunum lét hún ekkert frá sér heyra um þau efni. Þar var þó bæði réttur staður og rétt stund til að láta reyna á rétt úrræði.

**Rökin**

Frá aldamótum hafa rökin fyrir gjaldi fyrir tímabundna nýtingu sjávarauðlinda legið fyrir. Framsókn hefur í fimm ríkisstjórnum á því tímabili látið þau rök víkja fyrir öðrum hagsmunum.

Sérstakur bankaskattur er við eðlilegar aðstæður ekki eins sjálfgefinn. Guðrún Hafsteinsdóttir verðandi dómsmálaráðherra og formaður efnahagsnefndar, hefur lýst andstöðu við tillögu viðskiptaráðherra með þeim rökum að skattahækkun myndi lækka söluverð Íslandsbanka. Þetta er trúlega rétt.

Hin hliðin á þessari röksemdafærslu segir okkur að bankarnir hafi notað niðurfellingu skattsins til þess að bæta afkomu hluthafanna en ekki til að koma til móts við atvinnulíf og almenning. Það eru aftur rök fyrir tímabundinni skattlagningu þar til Covid-19 skuldir ríkissjóðs hafa verið greiddar.

Þetta er afleiðing ófullnægjandi samkeppni viðskiptabankanna þriggja.

**Tvær útgönguleiðir**

Takist viðskiptaráðherra á næstu dögum að breyta afstöðu samstarfsflokkanna bætir hún fyrir neikvæða afstöðu sína á síðasta kjörtímabili og sinnuleysi við gerð stjórnarsáttmálans.

Gangi það ekki á hún aðra útgönguleið. Hún er sú að sýna vilja í verki með því að mynda meirihluta um þessi tvö mál með öðrum flokkum.

Geri hún hvorugt er boðskapur hennar ekki innihaldsríkari en lýsingarnar á kraftaverkum barnamálaráðherrans. ■



# Fjárfesting á hjólum



Þorlákur Axel Jónsson
aðjúnkt

> Peningum hefur verið dælt inn í hagkerfið til þess að ríkisstjórnin þurfi ekki að forgangsraða í efnahagsmálum.

Á tímum verðbólgu þarf að forða peningunum undan verðbólgunni, það þarf að fjárfesta, annars verða krónurnar verðlausar. Þess vegna hækkar húsnæðisverð í landinu jafnt og þétt. Fólk verður að forða peningunum sínum undan verðbólgunni. Landsmönnum var á sínum tíma boðið að kaupa Volvobifreiðar undir slagorðinu „Fjárfesting á hjólum!“. Slagurinn stóð þó um að kaupa steinsteypu. Enda ljóst að þrátt fyrir alla kostina var Volvo engin fjárfesting heldur neysla.

Lán voru óverðtryggð, hvort sem það voru innlán í banka, bankalán eða húsnæðislán. Hver sá sem var nógu trúgjarn til þess að leggja peninga í banka, var rændur sparnaði sínum. Lífeyrissjóðirnir voru tómir, enda engin verðtrygging til þess að gæta sparnaðar almennings. Nú hefur ríkisstjórnin misst tökin á verðbólgunni. Peningum hefur verið dælt inn í hagkerfið til þess að ríkisstjórnin þurfi ekki að forgangsraða í efnahagsmálum. Eru það barnabætur eða er það Bláa Lónið? Mikið fé er á lausu og leitar fjárfestingar. Hægt er að taka þátt í þeirri störukeppni að kaupa hlutabréf, sá Gráskjótti hirðir þann síðasta út. Ekkert jafnast á við það að koma íslenskum krónum í steinsteypu. Ekkert lóðaframboð getur bjargað almenningi undan verðsveiflum hinnar íslensku krónu. Engar vaxtahækkanir geta breytt því að íslenska krónan er ekki gjaldmiðill, sem hægt er að nota til þess að geyma peninga. Steinsteypa geymir peninga. ■


**List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn**

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 14. mars 2022.**

**MAT Á UMSÓKNUM**

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en **20. maí 2022.**

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**

Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

List fyrir alla

# Er sáttamiðlun í kynferðisbrotamálum raunhæf leið?



**Helgi Gunnlaugsson**
prófessor í félagsfræði við HÍ



**Helga Vala Helgadóttir**
alþingismaður

Afstaða almennings til kynferðisbrota hefur breyst verulega á síðustu árum. Me-too-bylgjan nafnlausa afhjúpaði sáran vanda sem lengi hafði kraumað undir niðri í samfélaginu. Á síðustu vikum hafa samfélagsmiðlar og aðrir fjölmiðlar síðan greint frá brotum nafngreindra einstaklinga þar sem bæði þolendur og gerendur koma við sögu. Málin eru af ýmsum toga, alvarleg brot í bland við ámælisverða eða siðferðislega ranga hegðun, sem ekki endilega er refsiverð háttsemi.

Sammerkt með frásögnunum öllum er vanmáttur samfélagsins að takast á við mál af þessu tagi. Þolendur veigra sér við að tilkynna eða kæra málin og rannsóknir sýna að mörg mál sem þó eru kærð eru felld niður og tiltölulega fá kynferðisbrotamál enda með sakfellingu. Ýmsar réttarbætur hafa þó orðið á síðustu árum eins og nýtt ákvæði um samþykki en langt virðist samt í land að ná fram réttlæti fyrir þolendur. Því viljum við velta því upp hvort önnur þolendavænni úrræði kunni að finnast?

Á síðustu áratugum hefur uppbyggileg réttvísi rutt sér til rúms víða erlendis með góðum árangri. Ýmsar útgáfur tíðkast. Í grundvallaratriðum snýst uppbyggileg réttvísi um þarfir þolandans og viðleitni samfélagsins til að draga úr þjáningu hans. Að gerandinn taki ábyrgð á gjörðum sínum og hvaða afleiðingar hegðanin hefur haft á þolandann. Gerendur og þolendur eru þannig leiddir saman fyrir tilstilli sáttaaðila sem áður hefur gengið úr skugga um að gerandinn hafi játað sök sína og jafnframt lýst sig reiðubúinn til að taka ábyrgð á brotinu og gera sitt til að bæta þolandanum miskann. Samþykki þolanda fyrir þessari lausn er ætíð lykilatriði í sáttamiðlun og forsenda þess að sátta er leitað.

Hlutverk sáttaaðilans er brýnt og jafnræðis verður að gæta milli aðila. Mikilvægt er að sáttamiðlun í kynferðisbrotamálum sé í höndum sérfróðra aðila sem hafa þekkingu á eðli kynbundins ofbeldis. Valdamisvægi aðila er oft mikið í málum af þessu tagi og því brýnt að tryggja öryggi brotaþola.

Sáttamiðlun getur verið hluti af réttarvörslukerfinu þar sem lögregla eða saksóknari vísa málum í sáttaferli eða verið alveg utan kerfisins þar sem sérhæfðir aðilar taka málin að sér ef mál hefur ekki ratað inn í réttarvörslukerfið. Samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara frá því í mars 2021 er lögreglu heimilt að beita sáttamiðlum í ýmsum brotaflokkum almennra hegningarlaga en þó skal ekki beita sáttamiðlun vegna brota er falla undir kynferðisbrotakafla laganna, að undanskildum blygðunarsemisbrotum. Telja höfundar að mögulega þurfi að heimila lögregluembættunum að beita einnig sáttamiðlum vegna umræddra brota.

> Þolendur kalla á breytt vinnubrögð – er ekki tímabært að leggja til þessar breytingar?

Vægari kynferðisbrot geta að mörgu leyti verið heppileg fyrir sáttamiðlun þar sem hefðbundin leið gegnum réttarvörslukerfið er yfirleitt bæði þung og tímafrek en jafnframt verulega íþyngjandi upplifun fyrir þolendur. Kröfur um sönnunarbyrði í sakamálum eru stífar enda eiga þær að vera það. Í þessum málaflokki er oftar en ekki um að ræða orð gegn orði, játningar fátíðar og engin vitni. Meginregla sakamálaréttar er að allur vafi um sekt skuli metinn sakborningi í vil og þess vegna er gerð sú krafa að réttarvörslukerfinu að lögfull sönnun teljist komin fram svo málið komist fyrir dóm og sakfelling náist. Stálin stinn mætast í réttarsalnum og þolandinn situr oft uppi með miskann og skömmina en engan lögformlegan geranda. Þolendur veigra sér því oft við að feta þessa grýttu leið einkum þegar um vægari brot er að ræða en einnig þegar þolandi og gerandi tengjast vina- eða fjölskylduböndum.

Sáttamiðlun getur opnað nýja leið fyrir bæði þolendur og gerendur. Brotaþoli og brotamaður fá þannig aukið forræði yfir málinu og það verður þeirra hlutskipti að komast að samkomulagi í sameiningu um sátt fyrir milligöngu sáttaaðila. Vert er að ítreka að enginn er neyddur í sáttameðferð heldur er það leið sem þarf að eiga sér stað með fullum vilja beggja. Í sáttameðferð viðurkennir gerandi að hafa gert á hlut þolandans og lýsir sig reiðubúinn að bæta fyrir skaðann. Ef samkomulagið mistekst fer málið sína leið í gegnum réttarvörslukerfið en ef það tekst vel má sjá fleiri mál ljúka með þeirri viðurkenningu sem margir þolendur óska sérstaklega eftir, það er að gerandi viðurkenni brot sitt milliliðalaust.

Sá stuðningur sem þolendur kynferðisbrota hafa fengið í kjölfar Me-too-bylgjunnar mun án vafa ýta undir að gerendur vilji fara þessa leið og taka ábyrgð á gjörðum sínum, hvort sem þær eru saknæmar eða ekki. Rannsóknir frá bæði Kanada og Bandaríkjunum sýna að sáttamiðlun getur hjálpað þolendum kynferðisbrota að takast á við lífið að nýju um leið og hún opnar leið fyrir gerendur á farsælli endurkomu í samfélagið.

Sáttamiðlun er heimil á Íslandi en lítið notuð nema einna helst í málefnum ungra brotamanna og ekki í kynferðisbrotum eins og áður sagði. Árangurinn hefur verið góður og aðilar mála lýst sig ánægða með lyktir mála. Sérfræðihópar sem metið hafa úrræðið og aðilar ákæruvalds á Íslandi hafa allir mælt með aukinni notkun sáttamiðlunar í sakamálum. Þolendur kalla á breytt vinnubrögð – er ekki tímabært að leggja til þessar breytingar? ■

# Megi sköpun lengi lifa



**Lilja Guðmundsdóttir**
varaformaður Leikfélags Hafnarfjarðar

Opinbert bréf til sveitarfélaga.

Leiklist hefur verið stunduð frá örófi alda og hefur talist mikilsverð listgrein í menningarþjóðfélögum nútímans. Á Íslandi byrjaði það menningarform með áhugafólki sem fór að hópast saman og stofna leikfélög til handa samfélagi og samborgurum til gleði og menningaruppfyllingar. Sem varð til þess að uppbygging leiklistarinnar fór að blómstra og upphófust þessi stóru merkilegu leikhús nútímans. Meginarfleifð þess gamla tíma er sú að fólk með hugsjón, kraft og áhuga á leiklist varð til að þessi listgrein varð að veruleika. En gleymum ekki að allt byggðist þetta á fólki sem titlaðist sem áhugamenn leiklistarinnar og þar byrjar það. Áhuginn og sköpunargleðin kemur fólki saman til að búa til stað sem er uppfullur af ævintýrum, gleði, sorg og samhug. Það hafa margir fundið sína leið í því sem kallast áhugaleikhús, fólk með sköpunarkraft og ævintýraþrá og bara að fá að vera til í sínu eigin skinni. Það mætti minnast á það að margir af okkar þekktustu og fræknustu leikurum nútímans tóku sín fyrstu skref á sviði áhugaleikhúsa. Þetta er oft fólk frá 0-99 ára sem finnur sinn stað og stund til að eiga góðar stundir og búa til minningar, ásamt því að skapa og finna sitt innra sjálf í sköpunargleðinni. Margir leita í áhugaleikhúsin til að uppfylla þörf eins og hver annar samborgari sem leitar í íþróttir eða annars konar ástundun til að byggja upp sál og líkama.

Í dag eiga ansi mörg áhugaleikfélög undir högg að sækja eftir erfiðan tíma í Covid eins og flestar aðrar listgreinar. En áhugaleikfélög eru ekki talin að mati sveitarfélaga stórhöfuðborgarinnar jafn mikilvæg í stöðu þjóðfélagsins. Því miður hafa nánast öll sveitarfélög tekið þá ákvörðun að loka fyrir alla styrki og stuðning varðandi húsnæði fyrir þessi félög. Og svörin eru á þá leið að leikfélög þurfa ekki húsnæði, leiklist er hægt að stunda hvar sem er. Jú, listin finnur sinn farveg en nei, það er ekki rétt að leikfélög geti verið hvar sem er. Það fylgir leiklistinni mikið af dóti, sviðsmyndum, búningum og leikmunum.

Leikfélögin geta því ekki verið bara hvar sem er. Leikfélagið verður að hafa samastað, þar sem fólk getur komið og blómstrað í þágu sjálfs sín og þjóðfélagsins. Áhugaleikfélögin eru með lágt þáttökugjald og reyna af sinni snilld að hvetja fólk til að koma og blómstra á þeim forsendum, hvort sem þú er 0 eða 99 ára. Því er mikilvægt að sveitarfélögin leggi sinn stuðning í húsnæðisrekstur og húsnæði við leikfélög á hverjum stað fyrir sig til að þau hafi sinn samastað þar sem fólk getur skapað til handa sér og samborgurum gleði og menningaruppfylinfir. Áhugaleikfélögin hafa oft og iðulega gert stórkostlega hluti, fengið verðlaun og viðurkenningar á erlendri grundu, verið aðalaðdráttarafl hátíða og upphaf á merkilegum ferli leiklistarinnar. Þess vegna skiptir máli að styðja við þennan málaflokk, því þegar leikfélagið hefur samastað þá sprettur fram menningararfur til handa viðkomandi sveitarfélagi og Íslendingum. Við eigum að vera stolt af því að það sé til fólk sem hefur þann metnað og áhuga að skapa og búa til menningararf.

Því biðla ég til allra sveitarfélaga og ríkis að láta þennan málaflokk ekki deyja út. Gera þeim hátt undir höfði eins og íþróttafélögum á hverjum stað. Ég skora á Hafnarfjarðarbæ, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Kópavogsbæ og Garðabæ að endurskoða þessu stefnu sína. ■

# Framúrskarandi skólabær



**Sigríður Hulda Jónsdóttir**
bæjarfulltrúi og gefur kost á sér í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ



Mennta- og skólamál eru mér sérstaklega hugleikin. Ég hef starfað í og með skólum í Garðabæ undanfarin 30 ár og finnst að Garðabær eigi með afgerandi hætti að vera skólabær í fremstu röð. Að lögð sé áhersla á metnaðarfullt fagfólk, val nemenda um skóla, aðlaðandi vinnuumhverfi og öflugt þróunarstarf. Fjölbreytt og nútímalegt skólaumhverfi með öflugan tónlistarskóla er gríðarstór þáttur í starfsemi bæjarins.

**Garðabær í 1. sæti**
Í nýrri könnun Gallup mælist ánægja foreldra grunnskólabarna í Garðabæ hæst. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður sem hvetja okkur til að gera enn betur. Ég vil sjá aukna tækni í kennsluháttum tengda styrkleikum nemenda og samvinnu skólastiga. Nemendur í Garðabæ eiga að fá þjálfun í að tileinka sér samskiptafærni, samkennd og slökun.

**Færni á 21. öldinni**
Framtíðin kallar á getu til að setja sig í spor annarra, greina og meta upplýsingar. Einnig er mikilvægt að átta sig á eigin áhuga og þörfum og geta slakað á í erli hversdagsins. Við endurskoðun menntastefnu bæjarins eru mótaðar áherslur sem miða að áframhaldandi framþróun og sérstöðu í skólamálum með nútímalegum kennsluháttum og ekki síst snemmtækri aðstoð.

**Aðlaðandi skólabær**
Í Garðabæ er val um skóla óháð búsetu og skólar hvattir til að skapa sér sérstöðu. Starfsumhverfi skóla á að vera aðlaðandi fyrir öflugt fagfólk. Sem formaður skólanefndar kom ég að því að stofna þróunarsjóð leik- og grunnskóla Garðabæjar árið 2015. Úthlutað hefur verið hátt í 200 milljónum til verkefna í skólum Garðabæjar sem má sjá á heimasíðu bæjarins. 90% starfsmanna skólanna telja að ávinningur sjóðsins sé mikill og endurspeglast það í öflugra skólastarfi og eftirsóttara starfsumhverfi.

> Í nýrri könnun Gallup mælist ánægja foreldra grunnskólabarna í Garðabæ hæst. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður sem hvetja okkur til að gera enn betur.

**Leikskólamál**
Við leggjum áherslu á að bjóða eins árs börnum leikskólapláss, sveigjanlegt sumarfrí, val um leikskóla og inntöku barna oftar en einu sinni á ári. Allt er þetta þjónusta sem setur Garðabæ í fremstu röð en við getum þó gert betur. Í samvinnu við leikskólaumhverfið skulum við gera leikskóla í Garðabæ fyrsta val leikskólakennara og annars starfsfólks. Finnum nýjar leiðir að meira aðlaðandi vinnuumhverfi, aukinni samvinnu, möguleikum á námsleyfi og sveigjanleika. Við viljum að börnum bjóðist leikskólapláss í nærumhverfinu. Það hefur því miður ekki verið staðan fyrir öll börn í Urriðaholti þar sem íbúaþróun varð önnur en spár sögðu til um. Nýr leikskóli er þó risinn nálægt, Mánahvoll á Vífilsstöðum, auk þess sem unnið er að því að reisa nýjan leikskóla í hverfinu.

Að lokum vil ég þakka nemendum, foreldrum en ekki síst kennurum og öðru starfsfólki skólanna fyrir þrautseigju og lausnamiðaða hugsun í gegnum heimsfaraldurinn. Að loknum heimsfaraldri skulum við fara yfir málefni barna og ungmenna í samvinnu við Ungmennaráð og tryggja að unga fólkið komist aftur í rútínu og til virkni. ■

# VEL SÖLTUÐ HELGARTILBOÐ

**GILDA: 17.–20. FEBRÚAR**



## GRÍSAKÓTILETTUR
**MEÐ BEINI**

KJÖTBORÐ

**1.259** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.099 KR/KG

**40% AFSLÁTTUR**



**20% AFSLÁTTUR**

**Saltkjöt**
Blandað
**1.279** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.599 KR/KG



**VERÐ-SPRENGJA!**

**Lambahryggur**
Frosinn
**2.687** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.199 KR/KG



**20% AFSLÁTTUR**

**Þorskur í raspi**
Fisherman, 800 g
**1.439** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.799 KR/PK




**25% AFSLÁTTUR**

Heilsuvara vikunnar!

**Migréa**
Bio-Kult, 60 hylki
**2.167** KR/PK
**ÁÐUR:** 2.889 KR/PK



**30% AFSLÁTTUR**

**Kalkúnalæri**
Ísfugl - krydduð, með beini
**2.169** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.099 KR/KG



KJÖTBORÐ

**30% AFSLÁTTUR**

**Grísahakk**
**895** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.279 KR/KG



**30% AFSLÁTTUR**

**Appelsínur**
1,5 kg netapoki
**489** KR/PK
**ÁÐUR:** 699 KR/PK

**Jarðarber**
250 g
**398** KR/ASKJAN
**ÁÐUR:** 569 KR/ASKJAN



**30% AFSLÁTTUR**



## FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

nettó
**Lægra verð – léttari innkaup**

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*



Stelpurnar okkar eru að fara á sitt fjórða Evrópumót í röð í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Generalprufa fyrir stærri verkefni ársins



Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall
@frettabladid.is

**Íslenska kvennalandsliðið hefur keppni á sterku æfingamóti í Bandaríkjunum í nótt þar sem Stelpurnar okkar mæta meðal annars ríkjandi heimsmeisturum Bandaríkjanna. Um leið eru þetta síðustu æfingaleikirnir fyrir leikmenn sem eru á jaðri þess að fara á EM að festa sig í sessi í leikmannahópnum.**

**FÓTBOLTI** Kvennalandsliðið hefur leik gegn Nýja-Sjálandi í SheBelieves Cup í nótt sem verður fyrsti leikur kvennalandsliðsins af þremur í þessu landsleikjahléi. Um leið er þetta mikilvægur kafli í undirbúningi íslenska landsliðsins fyrir lokakeppni Evrópumótsins á Englandi enda síðustu æfingaleikirnir áður en þjálfarateymið þarf að velja lokahópinn. Þetta er því möguleiki fyrir leikmenn að festa sig í sessi í byrjunarliði eða leikmannahóp liðsins í aðdraganda fjölda stórleikja það sem eftir lifir árs.

Íslenska kvennalandsliðið er í vænlegri stöðu í undankeppni HM 2023 þar sem Stelpurnar okkar eru með örlögin í eigin höndum þegar riðlakeppnin er hálfnuð. Sigur á Tékkum og Hvíta-Rússlandi í apríl ætti að innsigla umspilssæti og stilla upp úrslitaleik við Hollendinga um beinan farmiða til Ástralíu á næsta ári. Það ætti því ekki að gefast mikill tími til tilraunastarfsemi í leikjunum gegn Tékklandi og Hvíta-Rússlandi og þarf Þorsteinn Halldórsson, þjálfari liðsins, því að nýta tímann vel í Bandaríkjunum.

Helena Ólafsdóttir sem lék átta landsleiki fyrir Íslands hönd og stýrir Pepsi Max-mörkunum hjá Sýn tekur undir að þetta sé mikilvægt tækifæri fyrir leikmenn sem eru á jaðri þess að komast í EM-hópinn.

„Ég hugsa að Þorsteinn nýti þetta verkefni til að móta liðið og leikfræðina sem hann vill að liðið spilar eftir. Um leið eru nokkrir leikmenn sem þurfa að nýta ferðina til að sýna sig, því það eru nokkrir leikmenn utan hóps, meðal annars fyrirliðinn, sem verða í hópnum ef þær eru heilar,“ sagði Helena, aðspurð hvort að þetta væri generalprufa fyrir EM og bætti við að hópurinn hafi sjaldan verið jafn sterkur heilt yfir.

Það eru enn nokkrar spurningar sem þjálfarateymið þarf að fá svör við fyrir fyrsta leik gegn Belgum á EM í sumar. Ein þeirra er hver leiðir línuna í sókn Íslands. Elín Metta Jensen byrjaði alla leiki Íslands í undankeppni EM og hefur ekki verið í leikmannahóp Íslands í síðustu fimm leikjum.

Berglind Björg Þorvaldsdóttir sem skaut Íslandi endanlega á EM með sigurmarkinu í Ungverjalandi, gæti því neglt niður framherjastöðuna með góðri frammistöðu.

„Það var talað um að hún ætti eftir að sanna sig með landsliðinu en Berglind hefur leikið vel undanfarna mánuði og nýtt tækifærið vel. Þetta er tækifæri fyrir hana til að festa sig í sessi sem fyrsti kostur í framherjastöðunni á EM,“ sagði Helena sem á von á því að Elín Metta Jensen verði einnig í EM hópnum.

Um leið eru ákveðin spurningarmerki um hverjum verður treyst fyrir stöðu hægri bakvarðar og hver byrjar sem einn af sóknartengiliðunum þar sem Sveindís Jane Jónsdóttir ætti að vera með annað sætið nokkuð öruggt.

„Þar hefur Þorsteinn mikla möguleika og hann getur notað þann leikmann sem er heitur hverju sinni.“

Að lokum fær Þorsteinn tækifæri til að máta miðverði við hlið Glódísar Perlu Viggósdóttur sem er jákvæður hausverkur fyrir þjálfarateymi að glíma við þar sem það eru nokkrar sem gera sterkt tilkall.

„Það er aðeins erfiðara að spá fyrir um varnarlínuna. Það er jákvæður hausverkur og ég held að Þorsteinn og um leið leikmennirnir verði að nýta þetta verkefni í að átta sig á hlutverkum sínum fyrir komandi verkefni. Hann hefur verið duglegur að hreyfa við liðinu en hann þarf um leið að setja línurnar um hvaða leikmenn verða í hvaða hlutverkum,“ segir Helena. ■

»

**Það eru fimm mánuðir í fyrsta leik Íslands í lokakeppni EM 2022 gegn Belgíu.**

## Sextán öruggar með sæti sitt



Íþróttadeild Fréttablaðsins metur það sem svo að það sé ein markmannsstaða og sex stöður lausar í leikmannahóp Íslands fyrir Evrópumótið en þá er miðað við að það komi ekki upp meiðsli á síðustu stundu og að Sara Björk Gunnarsdóttir verði komin aftur inn á völlinn eftir að hafa eignast frumburð sinn fyrir áramót.

Það verða 23 leikmenn í hópi Íslands, þar af þrír markmenn, en Fréttablaðið ályktar að það séu tveir markmannsstöður öruggar.

Öruggar í hópnum:

**Markmenn:** Sandra Sigurðardóttir og Cecilía Rán Rúnarsdóttir.

**Aðrir leikmenn:** Hallbera Guðný Gísladóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Guðrún Arnardóttir, Sif Atladóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir, Agla María Albertsdóttir, Alexandra Jóhannsdóttir, Karólína Lea Vilhjálmsdóttir, Sveindís Jane Jónsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir.

## Mæta þeim bestu í Texas

Kvennalandsliðið mætir liðum frá þremur mismunandi heimsálfum í þessu landsleikjahléi í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Tékklandi. Bandaríkin tróna á toppi heimslistans og eru ríkjandi heimsmeistarar en Nýja-Sjáland og Tékkland eru á eftir Íslandi á heimslista FIFA.

Stelpurnar okkar hefja leik gegn Nýja-Sjálandi sem verður önnur viðureign liðanna í sögunni og aðeins í annað sinn sem íslenskt A-landslið mætir liði úr Eyjaálfu. Fyrri leik liðanna lauk með jafntefli á Algarve-bikarnum árið 2016.

Tékkar eru Stelpunum okkar kunnugri en liðin eru saman í riðli í undankeppni Heimsmeistaramótsins annað skiptið í röð. Íslandi tókst loks að vinna Tékka í fimmtu tilraun í haust þar sem Ísland vann 4-0 stórsigur en liðin mætast á ný í Tékklandi í apríl.

Þó að kvennalandsliðið hafi aldrei mætt Bandaríkjunum í keppnisleik verður viðureign liðanna í lokaumferð mótsins í Texas sú fimmtánda í sögunni. Kvennalandsliðið hefur eingöngu mætt Svíþjóð (17), Þýskalandi (16) og Noregi (15) oftar en Bandaríkjunum. Til þessa hafa Bandaríkin unnið tólf og tveimur leikjum lokið með jafntefli.

## Geta náð jákvæðu sigurhlutfalli

Kvennalandsliðið fær sjaldséð tækifæri í íslenskri knattspyrnu í kvöld þar sem Stelpurnar okkar geta náð jákvæðu sigurhlutfalli í fyrsta sinn í sögu íslenskra landsliða. Leikurinn verður sá 270. í sögu kvennalandsliðsins og hefur Ísland unnið 113 leiki, gert 44 jafntefli og tapað 113 leikjum.

Íslenska kvennalandsliðið átti erfitt uppdráttar fyrstu árin frá fyrsta leiknum árið 1981. Fyrsti sigurinn kom í níunda leik og vann Ísland sextán sigra í 67 leikjum fyrstu tuttugu ár kvennalandsliðsins en undanfarin ár hefur kvennalandsliðinu tekist að rétta af sigurhlutfallið.

Á undanförnum tíu árum hefur Ísland unnið 54 leiki af 112 eða 48 prósent leikja sinna og er markatalan upp á 86 mörk í plús í þessum 112 leikjum.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 17. febrúar 2022






Litfögur og gómsæt fiskisúpa.

## Ilmandi hressing

starri@frettabladid.is

Fátt er betra en ilmandi og matarmikil súpa á köldu vetrarkvöldi. Þessi bragðsprengja inniheldur meðal annars engifer og tómata.

### Matarmikil fiskisúpa
**fyrir 4-6 manns**

- 4 meðalstórar kartöflur, helst rauðar
- 2 msk. olía
- 3 msk. rifinn engifer
- 1 hvítlauksgeiri, kraminn
- 1 dós tómatar
- ½ tsk. sykur
- ½ tsk. salt
- ¼ tsk. svartur pipar
- ¼ tsk. chili-flögur
- 700 ml kjúklingasoð
- 900 g hvítur fiskur, t.d. þorskur, langa eða keila, í litlum bitum.
- 2 msk. steinselja, söxuð smátt

Skerið kartöflur í litla bita og sjóðið þar til mjúkar. Takið til hliðar. Setjið olíu í pott og steikið engifer og hvítlauk í olíu þar til mjúkt. Bætið út í tómötum, sykri, salti, pipar og chili-flögum. Sjóðið í um þrjár mínútur. Bætið kjúklingakraftinum út í og sjóðið við vægan hita í tíu mínútur. Bætið kartöflum út í og sjóðið í aðrar tvær mínútur. Setjið fiskbitana út í og setjið lok á pott. Takið af hellu og látið fiskinn liggja í heitri súpunni í um mínútu. Smakkið til með salti og pipar og stráið að lokum steinselju yfir. Hægt að bera fram með góðu brauði og smjöri. ■

TARAMAR
Konudagurinn
íslensku húðvörurnar sem hafa hlotið 24 alþjóðleg verðlaun




www.taramar.is, Lyfjaver, Íslandsapótek, Hagkaup Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri



Rauður er uppáhaldslitur Hönnu Cörlu og klæðir hana einstaklega vel. Því segist hún alltaf gleðjast þegar hún finnur rauða flík. MYND/HULDA MARGRÉT ÓLADÓTTIR

# Rauða dragtin í mestu uppáhaldi

Hanna Carla Jóhannsdóttir vekur athygli fyrir fágaðan fatastíl og útgeislun. Hún er framkvæmdastjóri hjá HK, elskar íþróttir og á auðvelt með að halda mörgum boltum á lofti. 2



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Hanna Carla er íþróttafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið meistaragráðu í forystu og stjórnun. Hún er gift, þriggja barna móðir og finnst afar gaman að elda, fara á skíði og spila golf.

Að hennar sögn jafnast fátt á við að komast á góðan íþróttaviðburð, hvort sem er til að fylgjast með börnunum sínum eða hreinlega njóta þess að finna kraftinn sem íþróttaviðburðir hafa upp á að bjóða.

„Ég er rosalega lánsöm að elska vinnuna mína, og er algjörlega á réttri hillu hvað það varðar. Íþróttafélögin eru ein af stærstu þjónustufyrirtækjum í Kópavogi og sinna þar mikilvægu hlutverki, en það verður aldrei sagt nægilega oft að íþróttir skipa mikilvægan sess í íslensku þjóðlífi. Svo eru auðvitað ákveðin forréttindi að geta deilt áhugamáli með fjölskyldunni sinni, það gefur mikið. Ég elska að hreyfa mig úti í náttúrunni, það færir mér núvitund og gleði.“

> Ég er rosalega lánsöm að elska vinnuna mína og er algjörlega á réttri hillu hvað það varðar.

**Klæðir sig eftir tilefni og skapi**

Hanna Carla er með fallegan og fágaðan fatastíl sem eftir er tekið og hún þorir að fara eigin leiðir í litavali.

*Hefur þú ávallt haft skoðun á því hvernig fötum þú vilt klæðast?*

„Já, og ég reyni alltaf að klæðast eftir tilefni. Þegar ég vel mér föt til að klæðast spanna þau yfirleitt hvernig skapi ég er í hverju sinni. Ég vil eiga færri og vandaðri flíkur. Þegar heim er komið skelli ég mér alltaf í kósígallann sem er einstaklega þægilegt.“

*Hvernig er fatastíllinn?*

„Hann er frekar opinn. Ég heillast mest af tímalausum flíkum og vel yfirleitt gæði umfram magn. Ég kaupi flíkur ef mér finnst þær flottar og þægilegar, þannig að ég get verið frekar látlaus einn daginn en annan daginn tek ég mig til og klæðist litum frá toppi til táar. Þegar ég vel mér föt fer það yfirleitt eftir því hvernig skapi ég er í. Ég elska að fara í útivistarverslanir og get alveg tapað mér í alls konar skemmtilegu dóti sem tengist íþróttum og útivist.“

*Þegar kemur að vali að sniðum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?*

„Ég spái lítið í snið og kaupi bara það sem mér finnst fallegt. Umfram allt skipta þægindin mestu máli. Það eru fáar flíkur sem þjóna mér jafn mikið og góður vandaður útivistarfatnaður. Mér finnst gaman að blanda saman ólíkum stílum, til dæmis geng ég oft í strigaskóm við fín föt.“

*Áttu þínar uppáhaldsflíkur?*

„Ég á mér engar sérstakar uppáhaldsflíkur en ef ég ætti að velja eitthvað eitt núna væri það alltaf rauða dragtin mín. Finnst hún klæðileg, hún fer vel við minn karakter og hef ég notað hana mikið. Ég er mikill aðdáandi 66°Norður og finnst það vera einstaklega fallegur og vandaður útivistarfatnaður. Dúnvestið er í uppáhaldi, ég nota það mjög mikið.“

*Áttu uppáhaldshönnuði?*

„Ég er hrifin af flíkum frá Filippa K, by Malene Birger, en það eru nokkur eintök frá þeim merkjum í fataskápnum mínum.“

**Uppáhaldsliturinn rauður**

*Þegar kemur að litavali, fylgir þú tískustraumunum hverju sinni eða áttu þér uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?*

„Ég klæðist mest svörtu og hvítu, en uppáhaldsliturinn minn er rauður og því er ég ávallt mjög glöð þegar ég finn falleg rauð föt.“

*Hvernig skótísku heillastu helst af?*

„Ég elska skó og skór eru gjarnan það fyrsta sem ég skoða þegar ég kíki í búðir. Ég er dagsdaglega í flatbotna skóm, bæði strigaskóm og mokkasíum. Við sérstök tilefni fer ég í hælaskó.“

*Hvaða fylgihluti finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?*

„Ég er óvenjulega lítið fyrir fylgihluti og til að mynda sjaldan með mikið af skartgripum. Nýlega hef ég tekið ástfóstri við hálsmen sem ég fékk hjá Mjöll og er uppáhaldsfylgihluturinn í augnablikinu. Ég keypti mér einnig eyrnalokka hjá þeim sem ég get parað við mismunandi klæðnað.“

Hringurinn sem Hanna Carla fékk frá ömmu sinni Hönnu Cörlu er einnig í miklu uppáhaldi hjá henni. Hún segir hringinn einstakan og sparilegan og hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir sig. ■



Stíll Hönnu Cörlu er klassískur og opinn. Hún velur gæði umfram magn og hefur þægindi fatnaðarins í fyrirrúmi. MYND/HULDA MARGRÉT ÓLADÓTTIR



Hanna Carla klæðir sig eftir skapi. Er látlaus einn daginn en klæðir sig upp við tilefni.



Þegar heim kemur eftir vinnudaginn fer Hanna Carla oftast í flottan og þægilegan kósígalla.



Hanna Carla er hrifin af 66°N og segir dúnvestið frá þeim í miklum metum hjá sér.



Hanna Carla er mikil útivistarkona og nýtur þess að klæða sig eftir veðri og leika sér.





**YEST Gadieza opin peysa**
Stærðir 40-48
**Verð 9.980 kr**



**YEST Akelei opin hettupeysa**
Fæst líka í gráu
Stærðir 42-46
**Verð 10.980 kr**



**YEST Charity blússa**
Stærðir 36-48
**Verð 9.980 kr.**



**YEST Gennai stuttermablússa**
Stærðir 40-48
**Verð 9.980 kr.**



**YESTA Husna tunika**
Stærðir 44-56
**Verð 10.980 kr.**

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZEZE Nordic OPHILIA



**FRANDSEN létt dúnúlpa**
Fleiri litir í boði
Stærðir 38-54
**Verð 23.980 kr.**



**FRANDSEN létt dúnvesti**
Fleiri litir í boði
Stærðir 38-54
**Verð 18.980 kr.**



**YEST Owena skyrta**
Stærðir 36-48
**Verð 9.980 kr.**



**YEST/YESTA skyrta**
Fæst líka í kremhvítu
Stærðir 38-52
**Verð 9.980 kr.**



**YESTA Bieke rúllukragabolur**
Stærðir 46-52
**Verð 7.980 kr.**

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR
FRANDSEN Tamaris Handberg Jana



**YESTA Amynta buxur**
Fást líka í svörtu
Stærðir 44-56
**Verð 10.980 kr.**



**YEST Ornika treggings**
Fleiri litir í boði
Stærðir 36-48
**Verð 6.980 kr.**



**YESTA Alene pleðurleggings**
Stærðir 44-56
**Verð 8.980 kr.**



**YEST Ycarus leggings með blúndu**
Stærðir 38-48
**Verð 5.980 kr.**




**FESTIVAL bambus sokkar**
**Margir litir í boði**
Stærðir 35-42
**Verð 1.290 kr**

Verslunin Belladonna

# belladonna

**Líttu við á belladonna.is**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Konudagur

## á frettabladid.is

Skráðu þína
eftirlætis konu til leiks á
**frettabladid.is/konudagur**

Glæsilegir
vinningar í boði!

Drögum út
á mánudag,
21. febrúar

REYKJAVÍKUR BLÓM

Hydraflot

BETA NORDIC VITAMIN

H-BERG

Hnoss restaurant & bar

HLAUPÁR

NESPRESSO

belladonna

NIVEA

ChitoCare beauty
Natural beauty of ICELAND

LOSTI

frettabladid.is



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

**Margrét Eggrún Arnórsdóttir**

viðskiptafræðingur,

lést mánudaginn 7. febrúar á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 25. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Soroptimistaklúbb Mosfellssveitar.

**Arnór S. Árnason** **Marta María Skúladóttir**
**Margrét Laufey og Skúli Snær**
**Emma Arnórsdóttir**



Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Ágústa Halldórsdóttir**

Lyngholti 14, Akureyri,

lést 12. febrúar.
Útför hennar mun fara fram í kyrrþey.

**Þórhallur Matthíasson**
**Halldór Gunnarsson** **Magnea Helgadóttir**
**Magni Gunnarsson** **Kamma Jónsdóttir**
**Anna Ólafsdóttir** **Áki Ó. Thoroddsen**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sædís Guðrún Geirmundsdóttir**

Skipalóni 24, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi sunnudaginn 6. febrúar. Útför fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. febrúar kl. 15. Athöfninni verður streymt á slóðinni: https://youtu.be/f8hxfAtW8Ig

**Snæþór Aðalsteinsson**
**Gudmund Bøndergaard**
**Árni Geir Snæþórsson** **Áslaug Kristjánsdóttir**
**Aðalsteinn Örn Snæþórsson** **Sigþrúður Stella Jóhannsd.**
**Sólrún Snæþórsdóttir**
**og barnabörn.**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar og móður,

**Hafdísar Gísladóttur**

Miðleiti 2, Reykjavík.

Einnig færum við sérstakar þakkir til starfsfólks á líknardeild Landspítalans fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur.

**Grétar E. Ágústsson**
**Áslaug E. Grétarsdóttir**



Elsku mamma mín, tengdamamma, amma og langamma,

**Sigríður Guðlaug Sigurðardóttir**

Lækjasmára 4, áður Álfhólsvegi 133a,

lést fimmtudaginn 10. febrúar. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju, mánudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Anna Halldórsdóttir** **Tryggvi Már Gunnarsson**
**Rebekka Sigríður Pétursdóttir** **Helgi Júlíus Sævarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



Á Árbæjarsafni er hægt að kíkja aðeins til baka og skoða fortíðina. Sjá hvernig langamma og langafi höfðu það. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vetrarfrí um alla höfuðborg fyrir bæði börn og fullorðna

**Frístundamiðstöðvar og menningarstofnanir borgarinnar bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í vetrarfríinu sem hófst í dag og er meðal annars ókeypis inn á söfn fyrir fullorðna í fylgd með börnum og frítt verður í sund á tilgreindum tímum. Fréttablaðið skoðaði hvað er í boði þessa samveruhelgi.**

benediktboas@frettabladid.is

Vetrarfrí hófst í dag í flestum grunnskólum og mæta börnin aftur í skólastofuna eftir helgina. Á frístundamiðstöðvum borgarinnar verður leikið, föndrað, klifrað og grillað og í Bláfjöllum verða diskalyfturnar í gangi. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn býður líka upp á skemmtilega dagskrá með Lalla töframanni og margs konar fræðslu.

Diskalyftur verða opnaðar í Bláfjöllum á hádegi í dag og morgun, Hlaðan í Gufunesbæ opnar milli 10.30 og 12.30 en þar má finna keilubrautir, spilasmiðjur og föndur.

Frístundamiðstöðin Gufunesbær/Ársel bjó til þrjá spennandi ratleiki fyrir Árbæ, Grafarholt og Grafarvog sem öllum er frjálst að spila. Það eina sem þarf til er snjallforritið Actionbound.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn tekur einnig þátt með pop-up fræðslu þar sem hist er við selalaugina klukkan 11.00.

Þeir sem vilja ekki vera úti er bent á að á vefnum um frístundalæsi eru



Ókeypis er fyrir börn og fullorðna í fylgd barna á sýningar á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

góðar leiðbeiningar um hvernig gefa má sögum meira vægi með hjálp smáforrita nú eða spurningaleikinn Kahoot.

Þá er mikil dagskrá á sjö bókasöfnum í borginni. Yngstu kynslóðinni er boðið upp á bingó, bíó, vetrarperl, skuggaleikhús og bolluvandagerð. Börn á aldrinum 8-12 ára, sem hafa áhuga á skapa nýja heima í Minecraft, geta skellt sér í smiðju og söngelskir krakkar og unglingar eiga kost á því að skrá sig í smiðjur Söngsteypunnar en þar verður sungið, samin tónlist og demó tekið upp í nýju hljóðveri safnsins.

Kvikmyndaáhugafólki á aldrinum 10-16 ára er boðið í smiðju í handritagerð til að undirbúa þátttöku í Siljunni, árlegri myndbandakeppni Barnabókaseturs Íslands.

Á Sjóminjasafninu verður boðið upp á Plöntuleikhús og margs konar þrautir, á Landsnámssýningunni í Aðalstræti verða húsdýr landnemanna í brennidepli í ýmsum leikjum, á Árbæjarsafni má búa til vindóróa Góu til dýrðar og Ljósmyndasafnið býður upp á skemmtilega fjölskylduþraut í tengslum við sýninguna Augnablik af handahófi. ■



Ástkær faðir minn,

**Guðjón Ólafsson**

bóndi og fyrrv. oddviti, Syðstu-Mörk, V-Eyjafjöllum,

lést á Hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, föstudaginn 11. febrúar sl. Útförin fer fram frá Stóra-Dalskirkju laugardaginn 19. febrúar kl. 14.00. Athöfninni verður streymt á promynd.is/gudjon

**Björgvin Guðjónsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðmunda Jónsdóttir**

frá Fagurhólsmýri í Öræfum,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 12. febrúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jónína, Sigrún og Helgi Sigurgeirsbörn**

# Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Hjólafesting á bíl frá 3.995

Viðgerðarkollur 9.995

Viðgerðarbretti 9.995

Jeppatjakkur 2.25T 19.999

Hjólatjakkur 2T m/tösku 4.795

Vélagálgi 2T 44.995

Álskóflur 1.999

Vélastandur 500kg 9.985

AirBrush loftdæla 19.995

6T Búkkar 605mm Par 9.999

Startkaplar frá 1.495

Hleðslutæki 12V 6A 4.995

frá 795 Mikið úrval af verkfæratöskum

Verkfæraskápur á hjólum 38.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum 99.999

Steðjar í miklu úrvali

1/2 Toppasett 7.995

1/4 Toppasett 3.995

Vice Multi angle 6.985

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk 14.995

Verkfærasett 108 stk 5.995

Skrall-lyklar 8-17 4.995

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla

Ranamyndavél 15.995

Bón og bílavörur í miklu úrvali

Verðmætaskápar frá 4.995

2xLED kastari á standi 9.999

Lyklabox í miklu úrvali

Verkfærasett 4.995

Barnaverkfærasett 2.985

Límbyssur frá 995

Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

Flísasög 80mm 13.995

Stigar og tröppur í úrvali

Fjölsög Höfftech 5.999

Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali

Útskurðarsett

Súluborvél 350W 24.995

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13 mm 9.999

Metabo KS216 bútsög 19.995

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2017–2021

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, laugardagur kl. 10-17, sunnudagur kl. 12-16

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s í dag og él, en snjókoma með köflum NA-til. Úrkomulaust að kalla á Suður- og Vesturlandi undir kvöld. Kólnar heldur í veðri. ■

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Alexander Oliver Mai (2.207) átti leik gegn alþjóðlega meistaranum Nikola Mikilovski (2.402) á móti í Serbíu.

**27.Hxe5! Dxe5 28.Be7** (vinnur skiptamuninn til baka með mun betra tafli). **28...Df4 29.Bf6+ Kg6 30.Dxf4 gxf4 31.Bxh8 Hxh8 32.b7** og hvítur vann skömmu síðar. Alexander Oliver hefur byrjað sérlega vel og hafði 2½ vinning eftir 3 umferðir. Vignir Vatnar og Hilmir Freyr taka einnig þátt.

**www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**1** feldur
**5** tímabil
**6** öxull
**8** klaufska
**10** kusk
**11** runa
**12** bágindi
**13** frumeind
**15** hitta
**17** skrípaleikrit

**LÓÐRÉTT**
**1** súlur
**2** mælieining
**3** svelgur
**4** nirfill
**7** kurteisi
**9** argar
**12** panta
**14** seinka
**16** tveir eins

**LÁRÉTT: 1** skinn, 5 tíð, 6 ás, 8 ólagni, 10 ló, 11 röð, 12 basl, 13 atóm, 15 rekast, 17 farsi.
**LÓÐRÉTT: 1** stólpar, 2 kíló, 3 iða, 4 nánös, 7 síðlæti, 9 gramar, 12 bóka, 14 tef, 16 ss.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# SAMSUNG

## DAGAR

## 20%-30% AFSLÁTTUR




**ORMSSON**

Lágmúla 8 & Akureyri | Sími 530 2800 | ormsson.is | Ormsson á Facebook & Instagram | Opið virka daga 11-18 & laugardaga 11-15

# BAUHAUS®

# Stór og flott gólfefnadeild

## Eitt mesta úrval landsins!

**Hjá BAUHAUS finnur þú meira en 250 gerðir af parketi, bæði harðparketi og vínilparketi á lager. Hjá okkur finnur þú einnig alla þá aukahluti sem þarf í verkið. Okkar frábæra starfsfók er tilbúið að aðstoða með góð ráð og leiðbeiningar hvernig best sé að leggja parketið, huga að umhirðu þess eða annað sem þú kannt að spyrja um er varðar nýja parketið þitt!**

# 20%

## AFSLÁTTUR AF GÓLFEFNUM OG GÓLFTEPPUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

TIMBERMAN BERRY ALLOC b!design PERGO Tarkett PARADOR moland LOGOCLIC kronoFlooring



## MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
## LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
## SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

**BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800**

**Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 17. febrúar til og með sunnudeginum 20. febrúar**

BAUHAUS
**VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ**
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS



*Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds*



# 20%
# AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



Hinn þekkti harmónikkuleikari João Barradas verður í Hörpu. MYND/AÐSEND

# João Barradas og Four Others á Múlanum

kolbrunb@frettabladid.is

Jazzklúbburinn Múlinn heldur áfram með vordagskrá sína á morgun, föstudaginn 18. febrúar, klukkan 20.00 í Kaldalónssal, Hörpu. Á tónleikunum kemur fram hljómsveitin Four Others ásamt harmónikkusnillingnum João Barradas. João er einn þekktasti harmónikkuleikari Evrópu og leikur jöfnum höndum jazz og klassíska tónlist af ótrúlegri færni. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna og komið fram með sæg af færustu jazzleikurum á heimsvísu. Má þar nefna Greg Osby, Mark Turner, Gil Goldstein, Mike Stern og svo mætti lengi telja.

» **João er einn þekktasti harmónikkuleikari Evrópu og leikur jöfnum höndum jazz og klassíska tónlist af ótrúlegri færni.**

Á tónleikunum sem fara fram í Kaldalónssal Hörpu mun João leika með jazzkvartettinum Four others, stofnuðum af Hauki Gröndal saxófónleikara, en aðrir meðlimir eru Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari, Birgir Steinn Theódórsson bassaleikari og Magnús Trygvason Elíassen trommuleikari. Á efnisskránni verða frumsamin lög eftir flytjendur og meðal annars efni af tilvonandi plötu Four others, Five Angles sem er væntanleg seinna á árinu. ■

# Alltaf að velta fyrir sér tímanum



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb @frettabladid.is

**Hallgerður Hallgrímsdóttir sýnir ljósmyndir á sýningunni Fáeinar vangaveltur um ljósmyndir – III. hluti, sem nú stendur yfir í Hafnarborg.**

„Hugmyndin um listaverkaröð um ljósmyndamiðilinn byrjaði árið 2010 þegar ég var í BA-námi í Glasgow. Þá las ég fræðibækur um ljósmyndun auk þess að læra ljósmyndatækni. Mér fannst þessir þættir iðulega staðsettir langt í burtu hvor frá öðrum í náminu og fór að velta fyrir mér áhrifum heimspekinnar á tæknina og öfugt,“ segir Hallgerður.



Ég sé fyrir mér að hægt sé að horfa í gegnum silkislæðurnar á heiminn, segir Hallgerður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Heimaverkefni til að leysa**

Verkið Fáeinar vangaveltur um ljósmyndir I var sýnt í Glasgow á sínum tíma og Fáeinar vangaveltur um ljósmyndir – II. hluta sýndi Hallgerður sem útskriftarverkefni í mastersnámi sínu í Svíþjóð og það var einnig sýnt í Gerðarsafni árið 2020 sem hluti af samsýningu.

„Sýningin hér í Hafnarborg er þriðji hlutinn og ég ætla að halda áfram. Ég sé þetta sem langtímaverkefni þar sem ég safna hugmyndum í sarpinn, lyfti steininum, kíki ofan í holuna og dreg upp stækkunarglerið,“ segir Hallgerður. „Það eru alls kyns atriði innan ljósmyndunar sem mig langar til að skoða betur. Ef það er eitthvað þar sem ég skil ekki alveg þá fer ég af stað í rannsóknarleiðangur. Það má segja að ég sé að setja mér fyrir heimaverkefni til að leysa og það er tilraunamennska í þróun verkanna en eftir að ég er búin að fullvinna þau eiga þau að geta staðið alveg sjálf.“

**Hefð kyrralífsins**

Á einum vegg sýningarsalarins eru kyrralífsmyndir teknar yfir langan tíma á mismunandi ljósmyndavélar. „Þarna er ég að skoða hefð kyrralífsins sem á sér rætur í málverkinu en í staðinn fyrir að mynda bara eitt augnablik þá tek ég myndirnar yfir nokkurn tíma þannig að ávöxturinn sem er á myndinni skorpnar og vatnið gufar upp úr glasinu,“ segir Hallgerður. „Ég er alltaf að velta fyrir mér tímanum. Við hugsum yfirleitt um að ljósmynd fangi bara sekúndubrot en þarna er ég að skoða hvernig tíminn líður til hliðar við myndirnar og ég er líka að nota mismunandi tækni til að taka þær. Þarna eru myndir í lit og í svart-hvítu og þær eru teknar með næstum öllum myndavélunum sem ég á í mínu vopnabúri. Ég er að sýna hvernig tæknin hefur áhrif á stemninguna í hverri mynd fyrir sig. Ég er líka að velta fyrir mér sjónarhorninu og tek myndirnar úr ólíkum áttum og fjarlægð.“



Á sýningunni eru kyrralífsmyndir teknar yfir langan tíma. MYND/AÐSEND

**Heilluð af litafræði**

Sjónarhorn kemur einnig við sögu á skúlptúr sem er á miðju gólfi sýningarsalarins og heitir Afstaða. Á honum eru tvær ljósmyndir af litlum trjástubb. „Hann var svo fallegur í frostinu þar sem glitraði á hann. Ég gekk í kringum hann til að ákveða hvar væri best að taka mynd af honum og tók mynd frá tveimur mismunandi sjónarhornum. Nú fæ ég áhorfandann til að ganga í kringum myndirnar.“

” **Ef það er eitthvað þar sem ég skil ekki alveg þá fer ég af stað í rannsóknarleiðangur.**

Hallgerður segist vera heilluð af litafræði. Á sýningunni eru fjórar stórar silkislæður í prentlitunum fjórum: blá, bleik, gul og svört. „Ég sé fyrir mér að hægt sé að horfa í gegnum silkislæðurnar á heiminn og hann orðið aðeins blárri, aðeins bleikari, aðeins gulari og aðeins dekkri,“ segir hún. ■

# Yrsa þenur taugar danskra lesenda

kolbrunb@frettabladid.is

Bráðin eftir Yrsu Sigurðardóttur fær hárin til að rísa, segir gagnrýnandi Berlingske tidende, og taugar lesandans eru þandar út í gegn. Bókin kom út í Danmörku á dögunum. Bráðin hlaut Blóðdropann 2021 sem besta íslenska glæpasaga ársins 2020.

Gagnrýnandi Berlingske tidende skrifar meðal annars: „Það sem ríkjandi glæpasagnadrottning sögueyjunnar nær að grafa upp úr snjónum af ógnvekjandi smáatriðum og frystum leyndarmálum kemur bæði á óvart og skelfir lesandann. Meira en nóg til þess að kuldinn hríslist niður bakið á jafnvel hörðustu neytendum spennu og óhugnaðar. Í Bráðinni sýnir höfundurinn hvað hún ber aðdáunarvert skynbragð á það hvernig á að skapa með áhrifamiklum hætti ótta hjá lesandanum. Með því að skipta reglulega um söguvið og með öruggum skömmtum af dularfullum og óútskýrðum atburðum eru taugar lesandans sífellt þandar í gegnum bókina.“

” **Yrsa Sigurðardóttir hefur skrifað framúrskarandi sögu um morð, draugagang og furðulega gerninga.**

Gagnrýnandi Jyllandsposten gefur Bráðinni fimm stjörnur og segir að Yrsa Sigurðardóttir bæti heldur betur í miskunnarleysi íslenskrar náttúru í spennusögu sinni. „Yrsa hefur með Bráðinni skrifað framúrskarandi spennusögu sem er ekki bara kuldaleg heldur gjörsamlega djúpfryst og sem daðrar stríðnislega við töfraraunsæi sem er aðallega þekkt í hinum heitari löndum.“



Yrsa vekur lukku í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gagnrýnandi Politiken gefur Bráðinni fimm hjörtu og segir: „Yrsa Sigurðardóttir hefur skrifað framúrskarandi sögu um morð, draugagang og furðulega gerninga.“ Gagnrýnandinn segir að Yrsu takist vel í bók sinni að halda utan um alla þræði verksins, sem gerist á nokkrum plönum í einu. „En Yrsa er ekki aðeins vel skrifandi höfundur, þar sem meira býr undir en virðist við fyrstu sýn, heldur fær í því að semja söguþráð. Framvindan flakkar milli ólíkra sjónarhorna, en sleppir aldrei tökum af lesandanum. Náttúran er ekkert lamb að leika sér við, stórborgir skapa siðblindingja.“ ■


Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur
Þó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone Imagine™ geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone Imagine™ – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN






# Fimmtudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Mannamál - Ásdís Kristjánsdóttir** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**20.00 Pressan** Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Mannamál (e)**

## RÚV Sjónvarp

**08.25 ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í skautahlaupi kvenna.
**09.55 ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í kvennaflokki á listskautum.
**14.00 ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í skíðaati kvenna
**15.30 ÓL 2022 Kanada - Bandaríkin** Bein útsending frá úrslitaleik kvenna í íshokkíi.
**17.30 Landinn**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Listaninja**
**18.29 Lúkas í mörgum myndum**
**18.37 Áhugamálið mitt**
**18.43 DaDaDans** Stanslaust stuð & Einn dans.
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** Ragnheiður Gröndal - Ferrari.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Ólympíukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins.
**20.35 Okkar á milli**
**21.05 Ljósmóðirin Call the Midwife**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Lögregluvaktin Chicago PD**
**23.00 Verbúðin** Bærinn er í uppnámi eftir nýjustu atburði og allra augu beinast að Hörpu. Á sama tíma mætir Smári á svæðið.
**23.55 Kastljós**
**00.25 Okkar á milli**
**00.55 Ólympíukvöld**
**01.25 ÓL 2022.** Bein útsending frá keppni í hálfpípu kvenna í skíðafimi.
**02.50 ÓL 2022. Svig karla - seinni ferð** Bein útsending.
**04.00 ÓL 2022.** Bein útsending frá undanúrslitum karla í íshokkí.
**06.40 ÓL 2022.** Bein útsending frá keppni í skíðaati karla.
**07.35 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**07.00 Hero Indian Open** Bein útsending frá Hero Indian Open.
**12.00 Waste Management Phoenix** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**12.50 Dubai Desert Classic**
**19.20 Magical Kenya Ladies Open** Hápunktarnir frá Ladies European Tour.
**19.50 Qatar Masters** Hápunktarnir frá Evrópumótaröðinni.
**20.15 PGA Tour. The Cut 2022**
**20.40 2022 PGA Tour Champions Learning Center**
**21.00 The Genesis Invitational** Bein útsending frá The Genesis Invitational.
**01.00 PGA Tour. The Cut 2022**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 Best Home Cook**
**15.55 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 Single Parents**
**19.35 Kenan**
**20.05 Superstore**
**20.30 Ghosts**
**21.00 9-1-1**
**21.50 NCIS. Hawaii**
**22.35 In the Dark**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 Dexter**
**00.55 Law and Order. Organized Crime**
**01.40 Godfather of Harlem**
**02.35 Spy City**
**03.20 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**04.05 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu** Skildingavísur, síðari þáttur
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Í ljósi krakkasögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sinfóníutónleikar**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Lestur Passíusálma** (3 af 50)
**22.20 Segðu mér**
**23.05 Lestin**

## Stöð 2 Bíó

**09.50 Pokémon Detective Pikachu**
**11.30 Parenthood**
**13.25 Back to the Future III**
**15.20 Pokémon Detective Pikachu**
**17.00 Parenthood**
**19.00 Back to the Future III** Marty McFly er fastur í fortíðinni, árið 1955, þegar hann fær fréttir af því að Doc Brown hafi verið myrtur árið 1885. Hann þarf því að ferðast aftur í tímann til að bjarga honum. Án nokkurs eldsneytis fyrir DeLoreaninn þurfa félagarnir að finna leið til að sleppa úr villta vestrinu áður en Emmett er myrtur.
**21.00 The Twilight Saga. Eclipse**
**23.00 The Command**
**00.50 High-Rise**
**02.45 The Twilight Saga. Eclipse**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Shrill**
**09.50 Britain's Got Talent**
**10.45 Masterchef USA**
**11.25 Í eldhúsinu hennar Evu**
**11.45 Mom**
**12.05 Maður er manns gaman** Frábærir nýir íslenskir þættir. Magnús Hlynur heimsækir nokkur sveitarfélög á Suðvesturhorninu og finnur mestu gleðigjafa viðkomandi sveitarfélags eða sveitar.
**12.35 Nágrannar**
**12.55 30 Rock**
**13.15 30 Rock**
**13.40 Family Law**
**14.20 Fresh off the Boat**
**14.45 Shipwrecked**
**15.25 The Great British Bake Off**
**16.25 Spartan. Ultimate Team Challenge**
**17.10 Jamie. Keep Cooking and Carry on**
**17.30 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Jón Arnór** Jón Arnór Stefánsson - besti körfuboltamaður Íslands leggur skóna á hilluna.
**19.55 Þeir tveir**
**20.40 MacGruber**
**21.00 NCIS**
**21.45 The Blacklist**
**22.30 Real Time With Bill Maher**
**23.25 Fires**
**00.20 Hollington Drive**
**01.05 Knutby**
**01.55 The Righteous Gemstones**
**02.25 Dröm**
**02.50 The O.C.**
**03.35 Shrill**
**04.00 Mom**

## Stöð 2 Sport

**07.35 Valur - Stjarnan** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**09.15 Breiðablik - Grindavík**
**10.55 Þór Þ. - Keflavík**
**12.35 Subway Körfuboltakvöld**
**13.35 Fjölnir - Grindavík** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
**15.15 Haukar - Valur**
**17.00 Subway Körfuboltakvöld**
**18.05 ÍR - Valur** Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
**20.05 Stjarnan - KR** Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
**22.00 Tilþrifin**
**22.45 Þeir tveir** Vikulegur íþróttaþáttur á léttu nótunum.
**23.25 Subway Körfuboltakvöld**
**00.20 ÍR - Valur**

## Stöð 2 Sport 2

**07.55 Meistaradeildarmörkin**
**08.25 Inter - Liverpool**
**10.20 Meistaradeildarmörkin**
**10.55 Football League Show**
**11.20 Ítölsku mörkin**
**11.45 Super Bowl 2022**
**14.15 Inter - Liverpool**
**16.10 Meistaradeildarmörkin**
**16.40 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
**17.35 Dortmund - Rangers** Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
**19.50 Celtic - Bodö/Glimt** Bein útsending frá leik í Sambandsdeild UEFA.
**21.50 NFL Gameday**
**22.15 The Fifth Quarter**
**22.30 Joventut Badalona - Tenerife**
**00.05 Porto - Lazio**

# Setjum gæðin í fyrsta sæti

## Eitt mesta úrval skrifborðsstóla landsins, komdu og finndu stólinn sem hentar þér.

**HermanMiller**

Herman Miller er 115 ára amerískt fyrirtæki sem er leiðandi í þróun á skrifborðsstólum.

Fyrirtækið hefur átt í samstarfi við marga virtustu hönnuði heims og hlotið ótal viðurkenningar fyrir hönnun, gæði og sjálfbærni.

Skrifborðsstólar frá Herman Miller standast strangar gæðaprófanir, eru allt að 96% endurvinnanlegir og hafa 12 ára ábyrgð.



### ID Mesh

**Tilboðsverð 144.900 kr.**
VERÐ ÁÐUR 181.125 KR.

vitra.



Þægilegur og smekklegur skrifborðsstóll á skrifstofuna. Stóllinn sameinar fallega hönnun og vinnuvistfræðilega eiginleika. Hann hefur allar helstu stillingar og fjölstillanlega 3D arma.

### Ventilo

**Tilboðsverð 74.900 kr.**
VERÐ ÁÐUR 93.625 KR.

NEODESIGN® Ventilo



Frábær skrifborðsstóll fyrir vinnustöðina heima. Stóllinn er með stillanlegan mjóhryggsstuðning og stillanlega arma ásamt öllum helstu stillingum sem nútíma skrifborðsstólar innihalda.

### Kinnarps 6242

**Tilboðsverð 129.900 kr.**
VERÐ ÁÐUR 162.375 KR.

Kinnarps



6242 er einn vinsælasti skrifborðsstóll Pennans fyrr og síðar. Góður skrifborðsstóll með hæðarstillanlegu bólstruðu baki, fljótandi setu og öllum helstu stillingum.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

5 AÐ LÁGMARKI ÁRA ÁBYRGÐ

540-2000 // Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91-93, Akureyri

Penninn Húsgögn

## Allra best



**Leikhús**

Ein komst undan eftir Caryl Churchill

Ein komst undan eftir Caryl Churchill er í Borgarleikhúsinu í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Þar fara Kristbjörg Kjeld, Margrét Ákadóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Sólveig Arnarsdóttir á kostum í hlutverkum sínum.

Gagnrýnandi Fréttablaðsins, Sigríður Jónsdóttir, hreifst af sýningunni og segir að hún sé „barmafull af dramatík, húmor og hugmyndum ... Leikstjórinn Kristín Jóhannesdóttir er hér í essinu sínu og á heimavelli með efni í höndunum sem hentar bæði hennar fagurfræði og nálgun.“

Niðurstaða Sigríðar er: Leikkonurnar bjóða til veislu þar sem te, tortíming og dúndrandi fínn leikur eru á boðstólum.“ ■



**Myndlist**

Haugsuga-Dreifari í Kling & Bang

Helgi Hjaltalín sýnir vatnslitamyndir og grafíkverk í Kling & Bang á sýningunni Haugsuga-Dreifari. Þarna eru risastór verk sem ómögulegt er annað en að heillast af, ósjálfrátt skreppur út úr manni „vá!“ þegar maður sér þau. Listamaðurinn sýnir einnig handverk. Haugsuga og dreifari koma svo sannarlega við sögu á þessari sýningu, þannig að titilinn er ekki út í loftið.

Verk sem gleðja augað en glöggir listunnendur ættu einnig að geta séð pólitískan boðskap og ádeilu í verkunum.

Sýning sem er svo sannarlega þess virði að sjá. Hún stendur til 20. mars. ■

# Vill syngja á færeysku fyrir Íslendinga

Færeyski listamaðurinn Heiðríkur á Heygum vinnur þvert á miðla og hefur skapað sér gott orð sem myndlistarmaður og listrænn stjórnandi í heimalandinu. Hann sinnir einnig tónlistinni af festu, bæði sóló og sem helmingur tveggja dúóa, Einangran og Kóboykex.

ninarichter@frettabladid.is



Heiðríkur á Heygum hefur verið með annan fótinn í tónlist frá unglingsárum. Hann er að auki menntaður í kvikmyndagerð og myndlist. MYND/AÐSEND

„Afi minn er tenging mín við landið. Hann bjó á Íslandi í stríðinu eins og margir Færeyingar sem fluttu til Íslands til að vinna í fiskinum,“ segir færeyski listamaðurinn Heiðríkur. „Færeyingafélagið var einmitt stofnað í tengslum við það. Svo fluttu margir aftur heim til Færeyja eftir stríð en aðrir giftust Íslendingum og settust að,“ segir hann.

**Áhugaleysi Dana**

Að sögn Heiðríks hafa allir Færeyingar svolítið skrýtið samband við Ísland. „Allt er svo svipað hjá okkur, og tungumálið líka. Ef maður miðar til dæmis við Danmörku. Við erum auðvitað undir þeim en okkur finnst við tengdari ykkur.“

Heiðríkur segir lítinn áhuga á færeyskri tónlist í Danmörku en allt annað sé uppi á teningnum á Íslandi. „Danir vita ekki einu sinni að við tölum færeysku. En Íslendingar eru hins vegar mjög almennilegir og áhugasamir. Ísland er svona stóri bróðir okkar.“



Málverk eftir Heiðrík sem útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2013. MYND/HEIÐRÍKUR



Málverk eftir Heiðrík, sem er útskrifaður frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands. MYND/HEIÐRÍKUR

**Leikstjórn og myndlist**

Heiðríkur flutti fyrst til Íslands árið 2005 og vann hér um skeið. Hann gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 2007 í félagi við Janus Rasmussen og Sakaris Joensen, færeyska pródúsera sem búsettir eru á Íslandi. „Ég fór síðan til Danmerkur í nám og útskrifaðist úr kvikmyndaleikstjórn. Síðan flutti ég til Íslands árið 2013.“

Heiðríkur hefur leikstýrt metnaðarfullum tónlistarmyndböndum fyrir fjölda samlanda sinna, Eivøru Pálsdóttur, Byrta, Orka, Pernille Rosendahl og fleiri.

Heiðríkur hélt áfram að mennta sig í listinni og útskrifaðist af myndlistarbraut Listaháskóla Íslands árið 2017. Hann hefur í framhaldinu sent frá sér fjölda myndverka, eins og myndskreyttar bækur og dagatöl. Myndlist hans er undir sterkum áhrifum frá færeyska þjóðararfinum. Hann hefur að auki sett upp stórar veggskreytingar í heimabænum Þórshöfn.

**Indí-band og kúrekadúett**

Heiðríkur var að eigin sögn með annan fótinn í tónlist allan námstímann. „Ég gaf út mikið af tónlist, en aldrei heila plötu.“ Heiðríkur er helmingur dúósins Einangran, ásamt Leu Kampmann. Sveitin sendi frá sér lagið Koyri heim á dögunum, sem er hluti af væntanlegri breiðskífu. Tónlist Einangran er framleidd á Íslandi af færeyskum pródúserum sem búa hérna.



Lea Kampmann og Heiðríkur . MYND/AÐSEND

Auk Einangran er Heiðríkur í öðru dúói, kántrísveitinni Kóboykex með Sigmund Zachariassen, sem er þekktur í Færeyjum undir

> Við erum bara 50 þúsund manns sem tölum tungumálið og það er erfitt að finna markað fyrir það.

nafninu Ziggy Shit. Tónlist sveitarinnar má skilgreina sem elektróskotið kántrípopp, tónlistarstefnu sem félagarnir kalla „countronica“.

Heiðríkur gaf út sólóplötuna Illusions árið 2020 en segist ekki hafa getað fylgt henni eftir vegna samkomutakmarkana. „Þetta var mjög persónuleg plata sem fjallaði um sambandsslit,“ segir hann. „Ég þurfti að taka nokkur skref til baka og það var rosalega gott að vinna með Leu og Sigmundi, og taka pásu frá sjálfum mér.“

**Frábær viðbrögð Íslendinga**

Lea og Heiðríkur vinna með færeyska söngtexta í tónlist Einangran. „Það er meira svona indí-orka,“ segir hann. „En í Kóboykex erum við meira að kúrekast og skemmta okkur. Ég elska gömlu kántrítónlistina, eins og Patsy Cline til dæmis,“ segir hann. Það er gríðarlega sterk kántrítónlistarsena í Færeyjum. „Þetta er ekki endilega það sem fólk á að venjast, en við snúum aðeins upp á tónlistarstefnuna og höfum gaman,“ segir Heiðríkur.

Hann segist langa mikið til að koma til Íslands með báðum dúóunum og spila fyrir íslenska áhorfendur. Meðal annars hafi hann sótt um að spila með böndunum á Airwaves-tónlistarhátíðinni í haust. „Þau viðbrögð sem við höfum fengið frá Íslendingum, hingað til, hafa verið frábær.“

Heiðríkur segir að færeyskan syngist sérstaklega vel, þökk sé löngum sérhljóðum, en á sama tíma geti verið erfitt að vinna popptónlist á færeysku vegna smæðar málsamfélagsins.

„Við erum bara 50 þúsund manns sem tölum tungumálið og það er erfitt að finna markað fyrir það,“ segir hann. „Við vonum að Íslendingar hafi áhuga af því að málin eru svo lík.“ ■

# Flatneskja innan úr rökkrinu

KVIKMYNDIR

**Nightmare Alley**

**Leikstjóri:** Guillermo Del Toro

**Aðalhlutverk:** Bradley Cooper, Rooney Mara, Toni Collette, Cate Blanchett

ninarichter@frettabladid.is

Nýjasta kvikmynd Guillermo del Toro er byggð á samnefndri skáldsögu eftir William Lindsay Gresham. Myndin er endurgerð á kvikmynd frá árinu 1947 og fjallar um ris og fall Stantons Carlisle, sjónhverfingamanns sem byrjar feril sinn í farandsirkus.

Stjörnuleikarinn bláeygi Bradley Cooper fer með hlutverk sjónhverfingamannsins og gerir það vel, þó að hér sé endurtekið efni á ferðinni. Við höfum séð hann leika þessa persónu áður, í öðrum myndum. Hér eru engir flugeldar, lítið sem kemur á óvart og túlkunin ekki eftirminnileg.

Veikasti hlekkurinn í persónugalleríinu er Molly, ástkona Carlisle sem Rooney Mara túlkar. Það er ekki endilega við leikkonuna að sakast heldur er persónan skrifuð flöt eins og parket. Hún fær heilmikinn skjátíma og myndin hreinlega líður fyrir það. Áhorfendum er sama um samband þeirra og öllum er sama um hana.

Það sama má þó ekki segja um hina lífsþreyttu Zeenu Krumbein sem Toni Collette túlkar með tilþrifum. Collette sannar enn og aftur að hún er ein af bestu leikkonum Hollywood og myndin hefði alveg mátt snúast eingöngu um hennar persónu, og hefði vafalaust batnað



Cate Blanchett í hlutverki sálfræðingsins Lilith Ritter.

við það. Henni er sópað út í horn í nafni ódýrrar framvindu.

Það þarf að minnast á Cate Blanchett í hlutverki sálfræðingsins Lilith Ritter, sem er í rauninni eina persónan sem raunverulega minnir á rökkurmyndaflokkinn sem myndin á að vísa til. Hún er frábær leikkona og þessi buxnadragt og þessi mögnuðu kinnbein eru eitt það eftirminnilegasta við bíómyndina. Það er ekki hrós og þarna er illa farið með góðan efnivið.

Myndin reynir við stef varðandi guðlega forsjá, forboðna ávexti og refsingu syndanna. Þetta heppnast ekki vel þar sem framleiðslan virðist líka meðvituð um að koma skilaboðunum til lægsta samnefnara. Óspennandi andhetju er síðan troðið inn á síðasta klukkutímanum, til þess að láta myndina enda einhvern veginn. Loksins.

Myndin er nefnilega tveggja og hálfs tíma löng, eins og við er að búast af stórmynd af þessari stærðargráðu. Þessi lengd þjónar ekki sögunni á nokkurn hátt. ■

**NIÐURSTAÐA:** Nightmare Alley er leiðinleg og allt of löng mynd, sem er áberandi áferðarfalleg og fokdýr. Handritið er vont. Að takast að klúðra mynd með Toni Collette og Cate Blanchett er afrek út af fyrir sig. Söguna skortir fókus og stefin sem eiga að koma boðskapnum til skila eru tilgerðarleg. Ef stjörnur væru gefnar yrðu þær fáar.



Miðasala á borgarleikhus.is og í síma 568 8000
Fulla ferð áfram
Veisla
Hundur í óskilum
NJÁLA
Á HUNDAVAÐI
EMIL
í Kattholti
9líf
Bubbi Morthens
Söngleikur
Úff hvað allt er dýrt hérna
TU JEST ZA DROGO
ER ÉG MAMMA MÍN?
Gísli Örn Garðarsson
Ég hleyp
Ein komst undan
Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is
Þörfin fyrir listina, samveruna og gleðina hefur aldrei verið meiri og það er sko nóg um að vera í febrúar!












Goðsögnin Svala Sjana á þeysireið í femínísku þroskasögunni Calamity sem hefur verið ausin lofi. MYNDIR/AÐSENDAR

# Franskar pönnukökur og erótík gegn febrúarkulda

**Franska kvikmyndahátíðin hefst á föstudaginn með rómantískri gamanmynd um ungt fólk í 13. hverfi Parísar en venju samkvæmt er áherslan á fjölbreytt úrval mynda þar sem erótík, fávitar og sjálf Svala Sjana koma við sögu auk þess sem boðið er upp á franskar pönnukökur.**

toti@frettabladid.is



Anna Margrét hefur sótt frönsku kvikmyndahátíðina í mörg ár en gerir það nú annað árið í röð á vegum franska sendiráðsins. MYND/AÐSEND




Óljós mörk vináttu og kynlífs eru könnuð í opnunarmynd hátíðarinnar.

Franska kvikmyndahátíðin er elsta erlenda kvikmyndahátíðin sem haldin er á Íslandi og verður nú sett í 22. sinn í Bíó Paradís með sýningu myndarinnar París, 13. hverfi, í leikstjórn Jacques Audiard.

Myndinni, sem er tekin í svarthvítu, er lýst sem erótískri, djarfri og dramatískri mynd um ungt fólk í Olympiades-hverfi Parísar sem reynir að átta sig á mörkum vináttu og kynlífs. Myndin keppti um Gullpálmann í Cannes í fyrra og gagnrýnendur hafa ausið hana lofi.

„Mér finnst alltaf vera mikill spenningur fyrir myndunum sem koma á frönsku kvikmyndahátíðina þar sem þar eru ávallt mjög metnaðarfullar myndir í sýningu og flestar brakandi ferskar af verðlaunahátíðum eins og í Cannes," segir Anna Margrét Björnsson, upplýsingafulltrúi franska sendiráðsins á Íslandi.

„Ég hef sjálf sótt hátíðina margoft í gegnum árin sem blaðamaður en þetta er annað árið í röð sem ég vinn við hana í gegnum franska sendiráðið," segir Anna Margrét sem hefur starfað hjá sendiráðinu frá 2020.

„Það má teljast hreint ótrúlegt að hátíðin hafi verið haldin undanfarin tvö ár, þrátt fyrir Covid-faraldurinn, og líka í þetta sinn og við vonum að allir séu bíóþyrstir enda fátt betra að gera í febrúarkuldanum en að skella sér í hið notalega Bíó Paradís þar sem af nógu verður að taka og eitthvað fyrir alla."

## Celine Dion og Balzac

Ellefu myndir eru í boði á hátíðinni og engu logið um að þær eru jafn ólíkar og þær eru margar. Ein þeirra, Aline, er til að mynda lausbyggð á ævi söngdívunnar Celine Dion og Bless, fávitar (Adieu les cons) er kolsvört gamanmynd sem fjallar um heilsutæpa konu sem fær drepfyndinn skrifstofumann til að hjálpa sér að finna týndan son sinn. Þess má geta að menntaskólanemar í frönsku völdu þessa mynd á hátíðina.

„Mig langar einnig að nefna myndina Blekkingarleikur (Illusions Perdues) sem mér finnst stórkostleg," segir Anna Margrét um myndina sem er byggð á samnefndri skáldsögu franska rithöfundarins Balzac og fylgir ungum manni sem flytur til Parísar í leit að listrænum innblæstri.




Frönskunemar völdu Bless, fávitar.

„Myndin fylgir sögunni, sem á sér stað í byrjun nítjándu aldar, mjög náið en efni hennar er samt mjög nútímalegt og minnir okkur á að falsfréttir eru ekkert nýtt í sögunni."

## Femínistinn Svala Sjana

Anna Margrét minnir einnig á að á hátíðinni er alltaf lögð áhersla á einstaklega vandaðar barnamyndir. „Og að þessu sinni er það teiknimyndin Calamity sem er sýnd báðar sýningarhelgarnar en hún fjallar um líf Calamity Jane sem er goðsögn í villta vestrinu," segir Anna Margrét en sjálfsagt kannast fleiri við sögupersónuna sem Svölu Sjönu eins og hún hét í samnefndri Lukku-Lákabók. „Þetta er svona eins konar femínísk uppvaxtarsaga og ævintýramynd sem hefur farið sigurför um heiminn og fengið ótal verðlaun.

Á laugardagssýningu helgarinnar ætlum við að bjóða upp á crêpes, franskar pönnukökur, eftir myndina. Hvers vegna? Jú, okkur langar til þess að skapa hlýlegt andrúmsloft og bjóða börnum að smakka þetta hnossgæti sem er einmitt sérstaklega tengt febrúarmánuði í Frakklandi," segir Anna Margrét um pönnukökurnar sem eru ígildi bolludagsbollanna á Íslandi.

„Hátíðin er innlegg sendiráðsins og Alliance Francaise til að efla menningarsamskipti milli Íslands og Frakklands," segir Anna Margrét um aðkomu sendiráðsins að hátíðinni sem Alliance Française í Reykjavík, franska sendiráðið, Bíó Paradís og Institut français sameinast um að halda. „Og kynna franska kvikmyndalist sem er heldur betur rík af arfleifð og er frábrugðin hinum hefðbundnu Hollywoodkvikmyndum." ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.*is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA




# GULLÖLD SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

**Stjórnandi & kynnir:** Sigurður Flosason

- **1. APRÍL**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**

# Sealy **PORTLAND**
## heilsurúm með classic botni




**Gæði á góðu verði.**

Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Dýnan er millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**Sealy Portland fæst í eftirtöldum stæðum:**
120 x 200, 140x200, 160x200 og 200 x 200 cm

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 160.900 kr. **Tilboð: 128.720 kr.**

# **SEATTLE** Sealy
## heilsurúm – dýna með classic botni




Seattle heilsurúmin frá Sealy eru millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkomm stuðning. Hún er svæðaskipt og skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latexi í bland við mismunandi svamptegundir gefa henni gott loftflæði.

**Seattle Sealy fæst í eftirtöldum stæðum:**
120 x 200, 140x200, 160x200 og 200 x 200 cm

Verðdæmi 180 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 194.900 kr. **Tilboð: 155.920 kr.**

# Sealy **WASHINGTON** heilsurúm með classic botni




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

**Sealy Washington fæst í eftirtöldum stæðum:**
160/180/200 x 200 og 180x210 cm

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. **Tilboð: 215.920 kr.**

# Sealy er annar stærsti dýnuframleiðandi í heimi og hefur verið starfandi í 140 ár.

# Sealy **HYATT**
## heilsurúm með classic botni

Sealy Hyatt heilsudýnan er sérstaklega framleidd fyrir *Hyatt* lúxus hótelkeðjuna um heim allan.

Hún er gerð úr *Posturpedic* gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg ár.




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðaláherslan í þróun á þessu gormakerfi er líkamsstaðan. Þrír mikilvægustu punktarnir í þrónninni voru stuðningur, þægindi og ending. Til þess að ná hámarks slökun veitir Sealy Hyatt dýnan líkamanum fullkominn stuðning.

Það er 6 mismunandi svamplög í dýnunni og þau ásamt náttúrulegum trefjum og þykkum toppi gera það að verkum að þú hvílist fullkomlega og snýrð þér mun minna en í venjulegri gormadýnu

Dýnan er með Oek-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýnunni.

**Sealy HYATT fæst í eftirtöldum stæðum:**
160/180/200 x 200 og 180 x 210 cm

Verðdæmi 140 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 241.900 kr. **Tilboð: 193.520 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18
Laugard. kl. 11–17
Sunnud. LOKAÐ

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Upplýsingareru birtar með fyrirvara um prentvillur.*






Þetta hófst allt árið 1881 í smábænum Sealy í Texas. Það var þá sem Daniel Haynes bjó til eitthvað alveg sérstakt. Eitthvað einfalt en um leið byltingarkennt; bómullarfyllta dýnu. Þetta gerði hann fyrir fjölskyldu sína og vini og í framhaldi vini þeirra.



Jákvætt orðspor Sealy hélt áfram að breiðast út. Vissulega hafa rúmin okkar breyst og þróast frá frumgerð Daníels en þau eru enn framleidd af sömu ástríðu og með það að markmiði að skila sem bestum svefni. Það hefur ekkert breyst frá 1881.



Smáratorg: Opið 11 - 18
Holtagarðar: Lokað í dag vegna talningar.

DORMA
Láttu drauminn rætast

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is




■ Bakþankar



Kolbeins
Marteinssonar

# Vísindi veikinda

Undanfarna daga hef ég uppgötvað nokkra ansi merkilega hluti. Loksins tveimur árum eftir að ég heyrði af henni fyrst, sýktist ég af Covid-veirunni ásamt konu og börnum. Þau veikindi hafa kennt mér sitt af hverju.

Það hefur komið mér á óvart hversu ólíkt veiran leggst á kynin. Þannig höfum ég og sonur minn verið nokkuð veikari en kona mín og dætur. Hér er eitthvað sem kallar á frekari rannsóknir, út frá sjónarhóli karla. Annað sem ég hef lært er að í veikindum er nauðsynlegt að finna sér afþreyingarefni sem hægt er að innbyrða í gríðarmiklu magni á skömmum tíma. Hér koma sjónvarpsseríur í fyrsta sæti en þar á eftir hlaðvörpin.

Í þessum aðstæðum hef ég líka komist að því að það er hægt að blekkja snjallúrið sem er ekki mjög snjallt. Eins og svo fjölmargir aðrir hef ég sett mér mælanleg markmið um daglega hreyfingu. Undanfarna 150 daga hef ég náð markmiði mínu um 10.000 skref á dag. Snjallúrið minnir mig á þetta markmið og segir mér með látum þegar ég hef náð þessu markmiði og hversu marga daga í röð. Fárveikur maður fer ekki í göngutúr. Ég prófaði því að ganga niður í kjallara og aftur upp. Og svo labbaði ég fram og til baka um íbúðina. Örmagna leit ég á úrið og sá að ég hafði gengið 280 skref. Liggjandi í rúminu sá ég hins vegar að þegar ég hreyfði vinstri handlegginn rösklega fram og til baka þá hélt úrið að ég væri á göngu. Vitandi þetta hef ég náð markmiðum mínum um daglegan skrefafjölda útafliggjandi með skipulögðum handahreyfingum. Hvern ég er að blekkja með þessu veit ég ekki alveg enn en það mun væntanlega koma í ljós þegar ég geng af mér skrefaskuldina. ■




